

ÚTTEKT Á STARFSEMI

Seyðisfjarðarskóla

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

12. júní 2012

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

Árný Elíasdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir



Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus – mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, nemendum, foreldrum, fulltrúum sveitarfélagsins og Skólaskrifstofu Austurlands fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarfið á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 12. júní 2012

Árný Elíasdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM	4
1. INNGANGUR	6
1.1. Gagnaöflun	6
2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS	7
2.1. Helstu einkenni.....	7
2.1.1. <i>Nemendur</i>	7
2.1.2. <i>Mannauður</i>	7
2.2. Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins.....	10
2.3. Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir skólans	11
2.4. Húsnæði og aðbúnaður	12
2.4.1. <i>Eftirlitsheimsóknir</i>	13
2.5. Lög og reglugerðir	13
2.6. Mat á Seyðisfjarðarskóla 2003	14
2.7. Mat úttektaraðila.....	15
3	17
3.1. Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags.....	17
3.2. Tengsl skólastiga.....	18
3.3. Námsmat	18
3.3.1. <i>Samræmd próf</i>	19
3.3.2. <i>PISA</i>	20
3.4. Mat úttektaraðila.....	20
4. STJÓRNUN OG REKSTUR	22
4.1. Sameiginleg stjórn grunn- og leikskóla	23
4.2. Stjórnskipulag og skipurit.....	24
4.3. Ákvarðanatataka.....	24
4.4. Nemendaverndarráð.....	25
4.5. Nemendafélag.....	25
4.6. Mat úttektaraðila.....	25
5. NÁM OG KENNSLA	27
5.1. Kennsluhættir og fjölbreytni.....	27
5.1.1. <i>Heimanám</i>	28
5.2. Lýðræði	28
5.3. Þróunarverkefni.....	29
5.4. Sérkennsla.....	29
5.5. Mat úttektaraðila.....	30
6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI	31
6.1. Einelti	31

6.2. Jafnrétti.....	32
6.3. Félags- og tómstundastarf.....	32
6.4. Mat úttektaraðila.....	33
7. INNRA MAT.....	34
7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd.....	34
7.2. Úttekt á sjálfsmatsaðferðum Seyðisfjarðarskóla 2009	34
7.3. Mat úttektaraðila.....	35
8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGSL	36
8.1. Foreldrasamstarf	36
8.2. Samstarf við grenndarsamfélag	36
8.3. Lýðræði og þátttaka.....	37
8.4. Upplýsingaflæði	37
8.5. Mat úttektaraðila.....	37
9. SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGS.....	38
9.1. Fyrirkomulag og aðgengi.....	38
9.2. Eftirfylgni í framhaldi af greiningu	38
9.3. Ráðgjöf til kennara.....	39
9.4. Sjúkrakennsla og skólaheilsugæsla	39
9.5. Mat úttektaraðila.....	39
10. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS.....	40
10.1. Mat úttektaraðila.....	40
11. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA.....	41
11.1. Styrkleikar og veikleikar.....	41
11.2. Ógnanir og tækifæri.....	41
11.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta á vegum sveitarfélagsins	42
11.4. Tillögur að aðgerðum til úrbóta á vegum skólans.....	42
HEIMILDIR	44
VIÐAUKAR	46
Viðauki 2. Viðbrögð skólans ef einelti kemur upp	48
Viðauki 3. Úrbætur sem skólinn þarf að leggja í samkv. Úttekt heilbrigðiseftirlits Austurlands.....	49

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Seyðisfjarðarskóla. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Lagt var mat á stjórnun, skipulag kennslu, innra mat, námskröfur og fyrirkomulag námsmats. Niðurstöður skólans á samræmdum könnunarprófum og PISA voru skoðaðar svo og hvernig skólinn nýtir þær. Úttektin beindist jafnframt að eftirliti sveitarfélagsins með skólastarfinu og hvernig það nýtist skólanum. Sveitarfélagið taldi mikilvægt að fá mat á skólastarfið með það í huga að ekki yrði gengið á faglegan hluta þess eða rétt nemenda í hagræðingum vegna fjárhagsvanda Seyðisfjarðarkaupstaðar. Einnig að úttektin verði nýtt til að byggja undir kosti og galla við samrekstur grunn- og leikskóla.

Seyðisfjarðarskóli er heildstæður grunnskóli. Nemendur skólans eru 69 og starfsmenn 19. Allir kennarar hafa réttindi til kennslu. Skólastefna sveitarfélagsins var samþykkt í janúar 2012. Skólinn hefur sett sér stefnu sem var upphaflega mótuð skólaárið 2004 – 2005 og hefur hún verið uppfærð reglulega í tengslum við endurskoðun skólanámskrár en ekki út frá skólastefnu sveitarfélagsins og nýrri aðalnámskrá. Nýrra húsnæði skólans hentar vel fyrir fjölbreytta kennsluhætti á yngri stigum skólans en húsnæði „gamla skóla“ er hins vegar fremur óhentugt. Þá liggur umferðargata gegnum skólalóðina sem getur t.d. valdið ákveðinni hættu fyrir nemendur. Skólabókasafn uppfyllir að mestu leyti þarfir skólans en aðstöðu þess og bókakost má bæta. Húsnæði og útisvæði hefur verið tekið reglulega út en uppfyllir ekki að öllu leyti lög og reglur þar um. Helstu breytingar, sem lög um grunnskóla frá árinu 2008 hafa haft í för með sér, eru stofnun skólaráðs og að mótuneyti er nú rekið í skólanum sem hefur leitt til aukins kostnaðar. Hagræðingaraðgerðir sveitarfélags virðast hafa haft neikvæð áhrif á starfsumhverfi skólans og haft áhrif á faglegt starf hans þar sem dregið hefur úr efniskaupum og kennslutæki ekki endurnýjuð.

Stjórnskipulag skólans virðist henta stærð hans og verkefnum vel. Lögð er mikil áhersla á þátttöku allra starfsmanna í ákvörðunum en kannanir á stjórnun skólans undanfarin ár liggja ekki fyrir. Starfsemi skólaráðs hefur verið stopul og ráðið ekki fjallað um þá þætti sem því ber sbr. lög. Skólinn hefur verkferli s.s. fyrir agabrot, eineltismál, eldsvoða og móttöku nýrra starfsmanna og nemenda en ekki er til staðar móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál. Lýsingar á hlutverki umsjónarkennara og annarra starfsmanna liggja fyrir í handbók skólans og sátt virðist um starfsmannasamtöl. Endurmenntunaráætlun er ekki til staðar og framboð virðist í sumum tilfellum stýra endurmenntun fremur en þörf skólans og einstakra starfsmanna. Fræðslunefnd hefur gegnt hlutverki sínu vel. Nemendur taka ekki mikinn þátt í að ákvarða leiðir í námi sínu og þá

mætti virkja betur. Lítil aðstoð starfsfólks skólans virðist á einhvern hátt hafa hamlað starfsemi nemendafélags. Jafnréttis virðist gætt meðal starfsfólks og nemenda.

Skólanámskrá hefur ekki verið löguð að nýrri aðalnámskrá. Skólinn hefur útfært fjölbreytt námsmat, skilgreindir hafa verið þekkingar- og hæfnisþættir og árangursviðmið og nemendur eiga kost á að uppfylla markmið með mismunandi hætti. Foreldrar, nemendur og starfsmenn eiga fundi um árangur skólustarfsins einu sinni til þrisvar yfir skólaárið. Skólinn kom mjög vel út í PISA 2009 og var þar bæði yfir landsmeðaltali og meðaltali Austurlands. Námsárangur á samræmdum prófum 2007 - 2011 var hins vegar undir landsmeðaltali og meðaltali skóla á Austurlandi nema að íslenska í 7. bekk var yfir meðaltali Austurlands. Athygli vekur að mikill munur er á árangri í íslensku og stærðfræði sérstaklega í 7. og 10. bekk. Kennsluhættir á yngri stigi eru mjög fjölbreyttir en á mið- og unglingastigi virðast þeir með hefðbundnari sniði. Skólinn nýtir upplýsingatækni á margvíslegan máta í kennslu en gamall tölvubúnaður hamlar að einhverju leyti náminu. Innleiðing Olweusaráætlunar hefur verið stærsta verkefni skólans undanfarin ár og því hafa ekki verið önnur þróunarverkefni í gangi. Heildarfjöldi kennslustunda skólaárið 2010 - 2011 var örlítið yfir viðmiðum núverandi aðalnámskrár en kennslustundir í list- og verkgreinum færri. Skólinn hefur stefnu um heimanám en ekki ríkir sátt um fyrirkomulag þess og hvort allir kennarar fari eftir stefnunni. Skólinn hefur stefnu í sérkennslu og beitir fjölbreyttum aðferðum en viðhorf til sérkennslu virðist nokkuð sérstakt meðal nemenda og foreldra.

Skólabragur og starfsandi í Seyðisfjarðarskóla virðist almennt jákvæður og líðan nemenda og starfsmanna góð en ekki eru til kannanir til frekari staðfestingar. Olweusaráætlun hefur verið innleidd, meðferð agamála og eineltis samræmd og dregið hefur úr einelti. Skólinn hefur ekki unnið innra mat síðan árið 2007. Skólinn hefur átt gott samstarf við leikskólann Sólvelli um verkefnið *Brúum bilið*. Stjórn skólanna var sameiginleg 2008 - 2011 en ekki var um sameiningu að ræða. Ágætt samstarf er við grenndarsamfélag. Aðgangur foreldra að upplýsingum er góður og þeir nokkuð virkir í skólustarfinu en ekki hafa verið gerðar kannanir á viðhorfi foreldra í nokkur ár. Aðgangur að sérfræðiþjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar og almenn ánægja er með Skólaskrifstofu Austurlands.

Helstu styrkleikar skólans eru réttindakennarar, fjölbreyttir kennsluhættir á yngri stigum skólans, samheldni og persónuleg þjónusta við nemendur og gott samstarf við grenndarsamfélagið. Helstu veikleikar hans eru skortur á kennurum í list- og verkgreinum, ekki er hafin endurskoðun skólanámskrár út frá nýrri aðalnámskrá, slakur árangur á samræmdum prófum, innra mat ekki fullnægjandi og óhentugt húsnæði. Tillögur til úrbóta eru m.a. að endurskoðuð verði stefna skólans og skólanámskrá, frekari skólaþróun, heildstætt innra og ytra mat, eftirfylgni samræmdra prófa, fulltrúar nemenda og foreldra virkjaðir betur í skólaráði og að ákvarðað verði sem fyrst um húsnæðis- og sameiningarmál.

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Seyðisfjarðarskóla. Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á grunnskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um grunnskóla, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Lögð var áhersla á stjórnun, skipulag kennslu, innra mat, námskröfur og fyrirkomulag námsmats og niðurstöður skólans á samræmdum könnunarprófum og hvernig skólinn nýtir þær. Úttektin beindist jafnframt að eftirliti sveitarfélagsins með skólastarfi og hvernig það nýtist skólanum.¹ Sveitarfélagið taldi mikilvægt að fá mat á skólastarfið með það í huga að ekki yrði gengið á faglegan hluta þess eða rétt nemenda í hagræðingum vegna fjárhagsvanda Seyðisfjarðarkaupstaðar. Einnig að úttektin verði nýtt til að byggja undir kosti og galla við samrekstur grunn- og leikskóla.² Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf að gera úttektina. Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir Seyðisfjarðarskóla og niðurstöðum úttektarinnar, styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum er samantekt á niðurstöðum og tillögur til úrbóta.

1.1. Gagnaöflun

Úttektin byggir á fyrirliggjandi gögnum tengdum starfsemi skólans, viðtölum og skólaheimsóknnum 23. og 24. apríl 2012. Meðal þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar eru skólanámskrá, gögn um sjálfsmat, upplýsingar um menntun kennara, fyrri úttektir, kannanir, prófniðurstöður, kennsluáætlanir, gögn um forfallakennsla o.fl., sjá nánar í heimildaskrá.

Úttektaraðilar funduðu með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, fag- og áfangastjórum, rýnihópi sex kennara, rýnihópi fjögurra starfsmanna, rýnihópi fimm foreldra, fulltrúum fræðslunefndar, rýnihópi átta nemenda, fulltrúum skólaráðs, tveimur fulltrúum Skólaskrifstofu Austurlands og bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar. Alls var rætt við 42 aðila er hafa aðkomu að skólasamfélaginu. Fulltrúar kennara voru m.a. valdir í samráði við trúnaðarmann þeirra. Fulltrúar foreldra voru annars vegar úr stjórn foreldrafélags og hins vegar valdir af handahófi. Markmiðið með viðtölum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila á starfi skólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Upplýsingar sem skólinn lét úttektaraðilum í té voru til fyrirmyndar.

¹ Sbr. erindisbréf til Attentus – mannauður og ráðgjöf 6. febrúar 2012.

² Umsókn Seyðisfjarðarkaupstaðar um úttekt á grunnskóla 10. desember 2011.

2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS

Seyðisfjarðarskóli var stofnaður árið 1881 en húsnæði skólans er að hluta til frá árinu 1907 (gamli skóli). Skólinn er starfræktur þar og í húsnæði byggt árið 1986, sundhöllinni, íþróttahúsinu, félagsheimilinu og húsnæði fyrir smíðar. Allar byggingarnar eru þó nálægt hver annarri og mynda eins konar hring utan um umferðargötu sem liggur í þvert í gegnum skólasvæðið. Árið 2008 var stjórn grunn- og leikskóla sameinuð og var skólastjóri grunnskólans skólastjóri beggja skólastiga. Sameiginlegri stjórn skólanna var hætt um áramótin 2011/2012 að ósk skólastjóra. Nemendur Seyðisfjarðarskóla eru 69 og starfsmenn 19 í 16 stöðugildum.

2.1. Helstu einkenni

Árlegur kennslutími skólaárið 2010 – 2011 var 12.168 kennslustundir. Forfallakennsla sama skólaár var 240,1 kennslustundir. Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara var 18,8³.

2.1.1. Nemendur

Seyðisfjarðarskóli er heildstæður grunnskóli með 69 nemendur í 10 árgöngum. Meðalstærð bekkja er um sjö nemendur en tveimur bekkjum er kennt saman, sjá nánar í töflu 1⁴.

Tafla 1. Fjöldi nemenda eftir bekkjum og samkennsla bekkja.

Bekkur	Fjöldi	Samkennsla bekkja	Fjöldi í samkennslu
1	6	1. og 2. bekkur	12
2	6		
3	5	3. og 4. bekkur	10
4	5		
5	3	5. og 6. bekkur	9
6	6		
7	8	7. og 8. bekkur	16
8	8		
9	12	9. og 10. bekkur	22
10	10		
Alls	69		69

2.1.2. Mannauður

Skólinn fylgir starfsmannastefnu sveitarfélagsins. Markmið hennar er að stuðla að því að *Seyðisfjarðarkaupstaður hafi ávallt á að skipa hæfum og áhugasömum starfsmönnum sem veitt geta góða þjónustu og brugðist við síbreytilegum þörfum.* Þar segir að

3 Forföll og afleysingar 2010 - 2011

4 Nemendaskrá í Handbók: Skólanámskrá I. Hluti 2011 – 2012, bls. 4 - 6

starfsmannastefna bæjarins eigi að tryggja starfsmönnum ákveðin starfsskilyrði og möguleika á að vaxa og dafna í starfi.⁵

Við skólann starfa 19 einstaklingar. Kynjahlutfall meðal starfsmanna er 79% konur og 21% karlar⁶. Alls starfa 13 einstaklingar við kennslu auk námsráðgjafa sem kemur inn í 9. og 10. bekk. Tveir þeirra sem starfa við kennslu sinna einnig öðrum störfum innan skólans. Meðal starfsaldur kennara er 10 ár og starfsmannavelta ekki mikil, hefur að sögn skólastjóra verið mest einn til þrjú starfsmenn á ári⁷. Allir kennarar við skólann hafa réttindi til kennslu í grunnskóla. Menntun þeirra má sjá í töflu 2⁸.

Tafla 2. Menntun kennara.

Menntun	Fjöldi
B.ed.	5
BA	5
Kennsluréttindi	6
Leikskólakennaranám við FÍ	2
Þroskaþjálfari	1
Íþróttakennarapróf	1
Sveinspróf í húsmíði	1
Kerfisfræðinám frá HR	1
Framhalds diploma	4
M.Phil	1
Annað framhaldsnám	2

Ath. 14 einstaklingar standa að baki tölum um menntun kennara

Við upphaf starfs við skólann fá allir kennarar afhenta handbók þar sem greint er frá hvaða upplýsingar nýr kennari á að fá, hlutverk kennara, hvernig skólaárið gengur fyrir sig, námsmat ásamt hlutverki umsjónarkennara og annarra starfsmanna⁹. Ennfremur hefur skólinn yfir að búa verkferli um móttöku nýrra starfsmanna, nemenda og gesta¹⁰. Starfsmannasamtöl eru tekin af skólastjóra og aðstoðarskólastjóra að hluta til. Viðtölin fara fram einu sinni á ári, síðast í febrúar 2012. Í viðtölunum er stuðst staðlað eyðublað¹¹. Að sögn kennara er þeim frjálst að koma skoðunum sínum á framfæri við stjórnendur utan starfsmannasamtala¹².

⁵ Starfsmannastefna Seyðisfjarðarkaupstaðar

⁶ Starfsfólk Seyðisfjarðarskóla 2011-2012

⁷ Starfsfólk Seyðisfjarðarskóla 2011-2012

⁸ Menntun kennara og annars starfsfólks Seyðisfjarðarskóla 2011 - 2012

⁹ Handbók kennara Seyðisfjarðarskóla

¹⁰ Móttaka nýrra starfsmanna, nemenda og gesta

¹¹ Seyðisfjarðarskóli: Starfsmannasamtal febrúar 2012

¹² Rýnihópur kennara Seyðisfjarðarskóla

Samkvæmt skólastjóra og fulltrúum fræðslunefndar hefur sveitarfélagið ekki stutt formlega við nýja grunnskólakennara eða leiðbeinendur í starfi. Þó hefur starfsmönnum verið veittur ákveðinn sveigjanleiki til að sækja sér aukna menntun án þess að mánaðarlaun þeirra skerðist¹³. Að sögn skólastjóra hefur þessi sveigjanleiki ekki haft áhrif á skólastarfið þar sem um fáa einstaklinga sé að ræða og fáa daga sem þeir eru fjarverandi¹⁴.

2.1.2.1. Jafnrétti

*Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni.*¹⁵

Skólinn fylgir jafnréttisstefnu sveitarfélagsins. Tilgangur stefnunnar er að vekja athygli á rétti hvers einstaklings til jafnra tækifæra í lífinu og að það sé hagur samfélagsins í heild að virðing sé borin fyrir hæfileikum kvenna og karla¹⁶. Það viðhorf kom fram meðal starfsmanna að almennt sé jafnréttis gætt meðal starfsfólks eins og hægt er. Um 80% starfsmanna skólans séu konur og með háan starfsaldur, sem geri það að verkum að allar aðgerðir í átt að auknu kynjajafnrétti meðal starfsmanna skólans séu hægari en ella¹⁷.

2.1.2.2. Endurmenntun

Skólinn hefur ekki sí- og endurmenntunaráætlun¹⁸. Samkvæmt skólastjórnendum er það mismunandi hvort endurmenntun komi til tals í starfsmannasamtölum en að endurmenntun hafi verið rædd á kennarafundum sem allir starfsmenn sitja. Framboð stýri endurmenntun fremur en eftirspurn¹⁹. Sí- og endurmenntun kennara samanstendur af námskeiðum á vegum Skólaskrifstofu Austurlands ásamt haustþingi Kennarasambands Austurlands. Annað starfsfólk skólans hefur sótt haustþing Afls. Einnig hefur skólinn fengið fyrirlestra og námskeið fyrir starfsmenn sína eftir efnum, ástæðum og þörfum skólans. Meðal þess sem skólinn hefur boðið upp á var fræðsla um kennslu nýbúa, fræðsla í tengslum við verkefnið Heilsueflandi skóli og innleiðingu Olweusaráætlunarinnar, fræðsla um einhverfu og námskeið í *Tákn með tali*²⁰. Að mati kennara og fag- og áfangastjóra er framboð á endurmenntun ekki nægjanlegt, sérstaklega á landsbyggðinni. Einnig kom fram að framboð á endurmenntun til starfsmanna skólans hafi dregist saman sökum fjárhagsstöðu sveitarfélagsins²¹.

13 Fundur með fræðslunefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar og fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Seyðisfjarðarskóla

14 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Seyðisfjarðarskóla

15 Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 13.gr.

16 Jafnréttisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar

17 Fundur með stjórnendum, fundur fag- og áfangastjóra, rýnihópur kennara og rýnihópur starfsmanna Seyðisfjarðarskóla

18 Gagnalisti

19 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Seyðisfjarðarskóla

20 Greinargerð um Sí- og endurmenntun

21 Fundur með fag- og áfangastjóra og rýnihópur kennara Seyðisfjarðarskóla

2.2. Skólafélag og áherslur sveitarfélagsins

Að sögn fulltrúa í fræðslunefnd þá eru núverandi áherslur sveitarfélagsins í skólamállum heildstæð skólafélag þess, innleiðing nýrrar aðalnámskrár 2011 og að skólar sveitarfélagsins standist fjárhagsáætlanir²². Skólafélag Seyðisfjarðarkaupstaðar var nýverið samþykkt og stefnir skólinn á endurskoðun stefnu sinnar með tilliti til hennar ásamt nýrri aðalnámskrá²³. Skólafélag sveitarfélagsins var síðast endurskoðuð haustið 2010 en samþykkt í janúar 2012. Að endurskoðuninni stóðu skólafélagi þá, grunn- og leikskóla, ásamt formanni fræðslunefndar, fulltrúa þess og starfsmanni. Drög að skólafélaginu voru lögð til umsagnar fyrir starfsfólk beggja skólafélaga, starfsfólk tónlistarskóla, skólafélag grunnskólans og foreldrafélag leikskólans. Í stefnunni kemur fram að tekið var tillit til athugasemda þessara aðila við gerð hennar²⁴.

Skólafélaginu er ætlað að taka til allra þátta í uppeldis- og skólafélag kaupstaðarins ásamt því að skapa málaflokknum framtíðarsýn til ársins 2014. Meginþættir stefnunnar eru eftirfarandi²⁵:

- *Í skólum sveitarfélagsins verði veitt heildstæð grunnmenntun.*
- *Samstarf allra skóla og skólafélaga.*
- *Samstarf skólanna við nærsamfélagið.*
- *Virk tengsl og sameiginleg ábyrgð heimila og skóla.*
- *Bæjarbúar hafi möguleika til að stunda framhalds- og háskólanám í heimabyggð.*
- *Jafnræði í aðgengi að námi og tengdri þjónustu.*
- *Einstaklingsmiðað nám og fjölbreyttir kennsluhættir.*
- *Skóla- og æskulýðsstarf miði að því að temja ungum sem öldnum heilbrigðan lífsstíl.*
- *Starfsfólk upplifi starfsánægju, fái hvatningu og tækifæri til þess að auka færni sína í starfi.*
- *Nemendum og starfsfólki verði tryggt heilnæmt starfsumhverfi og búnaður sem samræmist þörfum viðkomandi skólafélags.*
- *Nánasta umhverfi verði nýtt til kennslu.*

Skólafélaginu er tvíþætt, annars vegar sameiginleg markmið sem eiga við öll skólafélag, þ.e. leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla, og hins vegar umfjöllun um starf hvers skólafélags fyrir sig. Sameiginleg markmið skólafélaganna sem sett eru fram í stefnunni varða *velferð nemenda, starfsfólk, húsnæði, aðstöðu og búnað, samvinnu og tengsl milli skóla, tengsl við umhverfið og grenndarsamfélagið, samstarf og samábyrgð heimilis og skóla og*

²² Fundur með fulltrúum fræðslunefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar

²³ Fundur með skólafélagi og aðstoðarskólafélagi Seyðisfjarðarbæjar

²⁴ Skóla- og uppeldisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 2

²⁵ Skóla- og uppeldisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 3

*uppeldisstarf og lýðheilsu*²⁶. Ennfremur eru settar fram leiðir að sameiginlegum markmiðum²⁷.

2.3. Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir skólans

Í skólanámskrá er lögð áhersla á að *stuðla að sífelldri endurskoðun og þróun á skólastarfinu og stefnu í þeim efnum*. Skólinn hefur sett sér stefnu og var hún upphaflega mótuð í hugmyndavinnu starfsfólks skólans 2004 - 2005²⁸. Hún hefur verið endurskoðuð á hverju hausti samhliða endurskoðun á skólanámskrá. Að sögn skólastjóra taka allir starfsmenn skólans þátt í þeirri vinnu²⁹. Ennfremur sé hún rædd á starfsmannafundum og kynnt fulltrúum foreldraráðs. Sett eru fram 10 atriði sem ávallt skuli hafa í forgangi en þau eru eftirfarandi:

- Að nemendur séu í öndvegi í skólastarfinu.
- Að öllum líði vel við leik og störf.
- Að hver nemandi fái kennslu og viðfangsefni við sitt hæfi.
- Að í skólastarfinu sé stuðst við fjölbreyttar kennsluáferðir.
- Að námið sé áhugavert en um leið krefjandi.
- Að nemendur og starfsfólk ástundi vönduð og öguð vinnubrögð.
- Að nemendur og starfsfólk temji sér virðingu fyrir mismunandi einstaklingum.
- Að samskipti séu góð og allir eigi rétt á að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Að leggja áherslu á gott samstarf milli heimila og skóla.
- Að skólinn sé í góðum tengslum við aðra aðila sem starfa með börnum hér í bænum.

Stefnan var unnin fyrir útgáfu nýrrar aðalnámskrár 2011 og tekur því ekki sérstaklega á grunnþáttum hennar. Stutt er síðan skólastefna sveitarfélagsins var endurskoðuð og hefur stefna skólans ekki verið aðlöguð að þeim breytingum³⁰.

Skólinn hefur lagt sérstaka áherslu á *Tákn með tali* sem er aðferð ætluð heyrandi fólki með tal- og málörðugleika. Aðferðin byggir á líkamstjáningu einstaklinga og táknum. Með aðferðinni er unnt að örva málvitund og málskilning barna³¹. Skólinn hefur nýverið hafið þátttöku í verkefninu *Heilsueflandi skóli*. Vinnan er á byrjunarstigi en stýrihópur verkefnisins hefur m.a. lagt fyrir könnum um matarræði nemenda³².

26 Skóla- og uppeldisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 2

27 Skóla- og uppeldisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 4 - 10

28 Handbók: Skólanámskrá I hluti 2011 - 2012, bls. 14

29 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Seyðisfjarðarskóla

30 Greinargerð um stefnu skólans

31 Tákn með tali af vefsíðu Seyðisfjarðarskóla

32 Fundargerð heilsueflandi stýrihóps 19. Janúar og 1. febrúar 2012

Ennfremur hefur skólinn sett sér forvarnarstefnu. Stefnan felur í sér að stuðla að *heilbrigðum lifnaðarháttum og jákvæðri lífssýn nemenda sinna og vinna gegn sjálfseyðandi hegðun*. Í stefnunni er tekið fram hver eru markmið skólans í forvörnum og leiðir við framkvæmd stefnunnar³³. Þá er til viðbragðsáætlun vegna heimsútbreiðslu influensu og vegna vímuefnaneyslu³⁴.

2.4. Húsnæði og aðbúnaður

Starfsmenn skólans sögðust ekki ánægðir með aðbúnað skólans. Að þeirra mati er mjög óhentugt að kennsla skólans fari fram í tveimur húsum, að skólalóð sé ekki afmörkuð, að umferðargata liggja þvert í gegnum skólalóðina, húsnæði „gamla skóla“ sé frá árinu 1907 og þarfnist endurbóta, skólalóð sé víðfem og því aukinnar gæslu þörf og grunnur að viðbyggingu við nýja skóla hafi staðið á skólalóðinni í tugi ára³⁵.

Fræðslunefnd sveitarfélagsins hefur hafið átak í að bæta aðbúnað þeirra menntastofnana sem heyra undir sveitarfélagið. Þeir hafa m.a. heimsótt stofnanirnar og óskað eftir eftirlitsskýrslum. Í kjölfarið sendi nefndin harðorð tilmæli til bæjarráðs vegna úrbóta. Að sögn fulltrúa fræðslunefndar hafa fjárhagsörðugleikar bæjarins gert þeim erfitt að sinna eftirlitshlutverki sínu³⁶. Einnig kom fram í skólaráði að skólahúsnæðið væri leigt á sumrin fyrir ýmsa hópa og því væri skilað í óviðeigandi ástandi ásamt því að brunastigi húsnæðisins liggja í gegnum vinnuadstöðu kennara þar sem trúnaðarupplýsingar um nemendur geti verið að finna.

Bókasafn er við skólann og hefur bókasafns- og upplýsingafræðingur umsjón með safninu. Safnið er í báðum byggingum skólans. Í „gamla skóla“ er safnið hluti af upplýsingaveri skólans og í „nýja skóla“ er safnið í sameiginlegu rými á 1. hæð ásamt tölvuveri³⁷. Nemendur sjá sjálfir um að skrá bækur inn og út³⁸. Skólabókasafnið uppfyllir ekki þarfir skólans að mati nemenda, þó einkum vegna skorts á nýjum bókum til yndislestrar³⁹. Að sögn stjórnenda og fag- og árgangastjóra skólans uppfyllir skólabókasafnið þarfir skólans að mörgu leyti en skólinn eigi einnig gott samstarf við bókasafn bæjarins og sæki nemendur það reglulega í tengslum við nám sitt. Þeir benda þó á að aðbúnaður og aðstaða bókasafnsins uppfylli ekki allar þarfir skólans⁴⁰.

Skólinn hefur brunaáætlun og eru brunaæfingar, að sögn skólastjóra, haldnar reglulega í samráði við slökkviliðsstjóra. Í áætluninni er greint frá hvernig viðbrögð nemenda

33 Forvarnarstefna af heimasíðu Seyðisfjarðarskóla

34 Viðbragðsáætlun við heimsútbreiðslu influensu og viðbragðsáætlun vegna vímuefnaneyslu af heimasíðu Seyðisfjarðarskóla

35 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, fag- og árgangastjórum, Fulltrúum fræðslunefndar, rýnihópur starfsmanna, kennara, nemenda Seyðisfjarðarskóla

36 Fundur með fulltrúum fræðslunefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar

37 Greinargerð um skólabókasafn/ upplýsingaver

38 Skólasafn í Handbók: Skólanámskrá I. Hluti 2011 – 2012, bls. 17

39 Rýnihópur nemenda Seyðisfjarðarskóla

40 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og fundur með fag- og árgangastjórum Seyðisfjarðarskóla

og starfsmanna skulu vera ef upp kemur eldur innan skólans. Ennfremur er greint almennt frá brunaæfingu og gátlisti um bruna settur fram⁴¹.

2.4.1. Eftirlitsheimsóknir

Eftirlitsheimsókn vinnueftirlitsins fór fram í október 2011⁴². Í skýrslu eftirlitsaðila kemur fram að það sé mat vinnueftirlitsins að fyrirtækið sé í flokki 1 og hann byggi á að vinnuverndarstarf og vinnuaðstæður séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Eina athugasemdin sem kemur fram í skýrslunni er varðandi loftgæði í smíðastofu en þau eru ekki talin fullnægjandi og er skólanum gert að koma fyrir ryksugu á borðsög ásamt því að bæta loftræstingu. Að sögn skólastjóra hafa bæjaryfirvöld ekki enn ráðið bót á þessu⁴³.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands framkvæmdi úttekt á húsnæði og skólalóð í nóvember 2011. Samkvæmt skýrslunni ber skólanum að framkvæma úrbætur, sjá nánar viðauka 3. Skólastjóri segir brýnustu aðgerðir hafa verið framkvæmdar m.a. að laga hugsanlegar slysaáhrif. Annað sé til skoðunar og verði lagfært í sumar fáist til þess fjármagn⁴⁴.

Eldvarnareftirlit var framkvæmt á húsnæði „nýja skóla“ í apríl 2012. Þar kemur fram að skólanum sé gert að gera þjónustusamning vegna brunaeftirlits, koma á notkun þjónustubókar vegna brunaviðvörðunarkerfis, staðsetja skýringarmynd við stjórnstöð og tryggja að flóttaleiðir séu opnanlegar án lykils⁴⁵. Brugðist hefur verið við athugasemdum um lykila en aðrar athugasemdir verða skoðaðar, að sögn skólastjóra, með bæjaryfirvöldum⁴⁶. Ekki bærust úttektaraðilum upplýsingar um eldvarnareftirlit á húsnæði „gamla skóla“. Að sögn varaformanns fræðslunefndar mun nefndin kalla eftir eftirlitsskýrslum þar að lútandi.⁴⁷

2.5. Lög og reglugerðir

Helstu breytingar, sem lög um grunnskóla frá árinu 2008 hafa haft í för með sér, eru annars vegar að mötuneyti er nú rekið í skólanum og hins vegar stofnun skólaráðs. Að öðru leyti hafa löggin ekki haft miklar breytingar í för með sér þar sem faglegur metnaður starfsmanna er, að sögn skólastjóra, að mestu drifinn áfram af öðrum hvötum en eingöngu lögum og reglugerðum. Ný lög og reglugerðir hafi leitt til breytinga á kostnaði þá sérstaklega í tengslum við rekstur mötuneytis. Hann sé verulegur fyrir smærri skóla á borð við Seyðisfjarðarskóla þar sem hvert starf vegi þungt⁴⁸.

41 Brunaáætlun af heimasíðu Seyðisfjarðarskóla

42 Skýrsla vinnueftirlitsins vegna eftirlitsheimsóknar í Grunnskóla Seyðisfjarðar

43 Athugasemdir skólastjóra maí 2012

44 Athugasemdir skólastjóra maí 2012

45 Brunavarnir á Austurlandi: Ástand eldvarna skólahúsnæðis að Skólavegi 1

46 Athugasemdir skólastjóra maí 2012

47 Athugasemdir varformanns fræðslunefndar maí 2012

48 Greinargerð um innleiðingu grunnskólalaga frá 2008, reglugerða og aðalnámskrá 2011 ásamt áhrifum hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagsbrunsins

Hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshrunsins hafa haft sín áhrif að sögn stjórnenda, kennara og fulltrúa fræðslunefndar. Fjármagn skólans til kaupa á rekstrarvörum og aðbúnaði til kennslu s.s. kennslutækjum og kennslufni, til viðhalds á húsnæði og tækjabúnaði, hefur verið af skornum skammti. Þessi skortur hefur, að þeirra mati, haft áhrif á skólastarfið þar sem kennslutæki eru gömul og starfshlutfall t.d. húsvardar og ritara skorið niður svo ekki þurfi að koma til uppsagna. Einnig hafa sífelldar kröfur um sparnað og niðurskurð haft neikvæð áhrif á starfsumhverfi skólans⁴⁹⁵⁰.

2.6. Mat á Seyðisfjarðarskóla 2003

Að ósk menntamálaráðuneytisins var Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands falið að gera úttekt á starfsemi skólans vorið 2003. Í úttektinni eru m.a. lagðar til úrbætur á eftirfarandi atriðum er varða starfsemi skólans:

- Bæta þurfi aðstöðu til heimilisfræðikennslu og hún sé einnig kennd í 5. – 10. bekk.
- Leita skuli leiða til að bæta framboð á valgreinum.
- Mælt sé með aukinni notkun umhverfis og grenndarsamfélagsins í kennslu.
- Kennarar hvattir til að rýna niðurstöður samræmdra könnunarprófa í þeim tilgangi að setja sér og nemendum sínum námsmarkmið.
- Mikilvægt sé að allir kennara skólans fari eftir áherslum skólans þ.á.m. heimanám.
- Auka þurfi þverfaglega samvinnu kennara.
- Að skólinn sækist eftir styrkjum vegna þróunarverkefna.
- Vísbandingar um einelti, 19,3% nemenda í 5. – 10. bekk segjast hafa orðið fyrir einelti.
- Bæta þurfi viðhorf foreldra til skólans.
- Efla þurfi félagsstarf.
- „Gamli skóli“ henti illa til skólahalds og óviðunandi sé að umferðargata liggi gegnum skólalóð.
- Uppröðun í kennslustofum eldri bekkja sé með hefðbundnu sniði sem ýti undir fábreytni í kennsluháttum.
- Aðeins séu til staðar 2 tölvur í vinnuaðstöðu kennara. Það sé óviðunandi þar sem kennara notist við tölvukerfi við skráningu upplýsinga er varða nemendur og samskipti við foreldra.

Samkvæmt skólastjóra var brugðist við ofangreindum athugasemdum á eftirfarandi hátt :

Haustið 2003 tóku til starfa nýir skólastjórnendur við skólann og þá var lagst í mikla endurskoðun á starfi skólans. Athugasemdir sem komu fram í úttektinni voru teknar til skoðunar og leitað leiða til að framkvæma þær úrbætur sem bent var á að nauðsynlegar væru. Þar má nefna að búin var til ný aðstaða til heimilisfræðikennslu í húsnæði gamla skóla og er heimilisfræðikennsla nú á stundaskrá í öllum bekkjum.

49 Fundur með skólastjóra, aðstoðarskólustjóra, fag- og árgangastjórum, fulltrúum fræðslunefndar og rýnihópur kennara

50 Greinargerð um innleiðingu grunnskólalaga frá 2008, reglugerða og aðalnámskrá 2011 ásamt áhrifum hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins

Framboð á valgreinum var aukið verulega en hins vegar hefur framboðið heldur minnkað aftur og skýrist það m.a. af eftirfarandi; nemendum hefur fækkað og því erfitt að bjóða upp á fjölbreytt val, aðhald í fjármálum og einnig hefur gengið erfiðlega að fá kennara með sérmenntun í list- og verkgreinum.

Þverfagleg vinna starfsmanna var aukið verulega með reglulegum fag- og árgangafundum, teymisfundum vegna ákveðinna nemenda, betri nýtingu vikulegra starfsmannafunda og vinnudaga. Með þverfaglegri vinnu er reynt að byggja upp sameiginlegan skilning starfsmanna á markmiðum og leiðum að þeim og tryggja samræmi í ýmsum atriðum svo sem heimanámi og meðferð agavandamála, eineltismálum og áherslum í kennslu svo eitthvað sé nefnt.

Stefna skólans var endurskoðuð og lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, þ.m.t. aukna notkun umhverfis og grenndarsamfélagsins í kennslu.

Úrbætur voru gerðar á tölvukosti skólans. Samskipti við foreldra voru eflað með aukinni upplýsingagjöf á vef skólans sem og Mentor og útgáfu fréttabréfs.

Hér hafa nokkur atriði verið talin upp en ég leyfi mér að fullyrða að við höfum lagt okkur fram við að endurskoða skólastarfið með tilliti til þeirra athugasemda sem gerðar voru í úttektinni 2003 og reynt að bregðast við þeim áherslum sem uppi eru hverju sinni⁵¹.

2.7. Mat úttektaraðila

- Allir kennarar grunnskólans eru með full réttindi til kennslu í grunnskóla.
- Skólastefna sveitarfélagsins var samþykkt í janúar 2012. Skólinn hefur sett sér stefnu sem var upphaflega mótuð skólaárið 2004 – 2005 og hefur hún verið uppfærð reglulega í tengslum við endurskoðun skólanámskrár. Mikilvægt er að stefnan verði nú uppfærð út frá skólastefnu sveitarfélagsins og nýrri aðalnámskrá.
- Lýsingar á hlutverki umsjónarkennara og annarra starfsmanna liggja fyrir í handbók skólans.
- Skólinn hefur verkferli um móttöku nýrra starfsmanna og sátt virðist um starfsmannasamtöl. Að mati úttektaraðila er mikilvægt að samtölin fari fram reglulega og verði nýtt í þróun skólastarfsins.
- Skólinn hefur ekki sí- og endurmenntunaráætlun og framboð virðist stýra endurmenntun fremur en eftirspurn. Þó hefur skólinn að einhverju leyti staðið fyrir endurmenntun út frá þörfum hans m.a. um Olweus sem hefur verið ákveðið forgangsverkefni skólans. Mikilvægt er að skólinn hafi eigin símenntunaráætlun sem sé unnin út frá þörfum skólans í heild og einstakra starfsmanna. Kennarar sögðu framboð á endurmenntun ekki nægjanlegt á landsbyggðinni og endurmenntun hafi einnig dregist saman vegna

⁵¹ Athugasemdir skólastjóra maí 2012

fjárhagsörðugleika sveitarfélagsins. Benda má á hugsanlegar leiðir sem fælust m.a. í samstarfi og /eða þróunarverkefnum með öðrum skólum og mætti e.t.v. nýta upplýsingatæknina í því skyni.

- Jafnréttis virðist gætt meðal starfsfólks eftir því sem hægt er. Um 80% af starfsfólki skólans eru konur með háan starfsaldur svo erfitt hefur reynst að jafna hlutfall kynja í starfsmannahópnum.
- Helstu breytingar, sem lög um grunnskóla frá árinu 2008 hafa haft í för með sér, eru stofnun skólaráðs og að mótuneyti er nú rekið í skólanum sem hefur leitt til auksins kostnaðar.
- Hagræðingaraðgerðir sveitarfélags virðast hafa haft neikvæð áhrif á starfsumhverfi skólans og haft áhrif á faglegt starf hans þar sem dregið hefur úr efniskaupum og kennslutæki ekki endurnýjuð.
- Að mati úttektaraðila hentar húsnæði skólans í nýrri hluta hans einkar vel fyrir þá fjölbreyttu kennsluhætti sem þar eru á yngri stigum skólans. Húsnæði „gamla skóla“ virðist hins vegar fremur óhentugt, kannski fyrst og fremst vegna slaks viðhalds. Verði húsnæðið hins vegar endurbætt og vel staðið að öllu eftirliti, skólalód betur afmörkuð, göngubrú eða gangbraut sett yfir umferðargötuna mætti að mati úttektaraðila nýta „gamla skóla“ áfram fyrir eldri deildir skólans. Annar kostur væri að húsnæði „gamla skóla“ yrði nýtt fyrir aðra starfsemi en skólahald og lokið verði við nýbyggingu skólans og að leik-, grunn-, og tónlistarskóli yrðu allir á einum stað. Fækkun nemenda og það að nýlega var byggt við leikskólann gæti hins vegar tafið þau áform.
- Húsnæði og útisvæði hefur verið tekið reglulega út en uppfyllir ekki að öllu leyti lög og reglur þar um. Mikilvægt er að uppfylla kröfur um öryggi og huga að öryggi barnanna sbr. lög um leik- og grunnskóla og að eftirlitsaðilar geri úttekt á húsnæði skólans reglulega. T.d. bárust úttektaraðilum ekki upplýsingar um eldvarnareftirlit á húsnæði „gamla skóla“.
- Skólabókasafn uppfyllir ekki að öllu leyti þarfir skólans. Aðstöðu þess og bókakost má bæta.

3. SKÓLANÁMSKRÁ

Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólustarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega⁵².

Skólanámskrá Seyðisfjarðarskóla skiptist í þrjá hluta, handbók skólans, náms- og kennsluáætlanir og handbók starfsmanna. Handbók skólans er endurskoðuð árlega, síðast árið 2011, og vinna skólastjórnendur ásamt ritara þá vinnu. Aðkoma annarra að endurskoðun hennar er, að sögn skólastjóra, eftir þörfum og ástæðum. Handbókin er kynnt á fag- og árgangafundi, kennarafundi, fundi fræðslumálaráðs og á fundi með foreldrum. Einnig fá allir nemendur skólans eintak af handbókinni heim eftir endurskoðun á hverju ári. Kennarar endurskoða náms- og kennsluáætlanir á hverju hausti og handbók starfsfólks er uppfærð eftir þörfum en hún var síðast endurskoðuð skólaárið 2008 – 2009⁵³. Í skólanámskrá er að finna skólareglur og meðferð mála ásamt stefnu um kennslu og námsskipulag.

Að sögn skólastjóra hefur sérstök vinna í tengslum við aðlögun skólanámskrár að nýrri aðalnámskrá frá árinu 2011 og grunnþáttum hennar ekki farið fram⁵⁴. Hann segir grunnþætti menntunar þætti sem reynt sé að leggja áherslu á í skólustarfinu. Benda megi á innleiðingu verkefnisins *Heilsueflandi skóli* sem stuðli að grunnþættinum heilbrigði og velferð ásamt því að áætlað sé að vinna við læsi og íslenskukennslu hefjist vorið 2012 þar sem komið verði inn á læsi í víðum skilningi⁵⁵.

3.1. Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags

Ekki er að finna í skólanámskrá stefnu sveitarfélagsins, stefnu um samstarf kennara, stefnu um kennsluáætlanir né hvernig stefna skólans var mótuð. Þó er sýnilegt ef skoðaðar eru kennsluáætlanir að samræmdar aðferðir eru notaðar við gerð þeirra. Stuttlega er fjallað um sjálfsmatsaðferðir í skólanámskrá en þar er nefndur stýrihópur innra mats sem hefur, að sögn kennara, ekki verið starfræktur í nokkur ár⁵⁶⁵⁷⁵⁸.

⁵² Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 29. gr.

⁵³ Greinargerð um skólanámskrá

⁵⁴ Greinargerð um skólanámskrá

⁵⁵ Greinargerð um notkun og innleiðingu grunnþátta menntunar samkv. Aðalnámskrá 2011

⁵⁶ Kennsluáætlanir af heimasíðu Seyðisfjarðarskóla

⁵⁷ Handbók kennara

⁵⁸ Handbók: Skólanámskrá I. Hluti 2011 - 2012

3.2. Tengsl skólastiga

Tengsl skólans við leikskólann Sólvelli koma fram í skólanámskrá. Samstarfsverkefni er milli skólanna sem nefnist *Brúum bilið*. Markmið samstarfsins er m.a. *að skapa samfellu í námi barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum, að byggja upp gagnkvæman skilning og þekkingu milli skólastiganna, að studla að öryggi og vellíðan barna við að fara af einu stigi á annað og að vinna saman að verkefnum sem hæfa nemendum á þessum aldri*. Til þess að markmiðum samstarfsins sé náð heimsækja börn af leikskólanum skólann og öfugt. Meira er þó um að þau börn leikskólans sem eiga að hefja skólagöngu á næsta skólaári fari í skipulagðar heimsóknir í grunnskólann. Heimsóknirnar hafa falið í sér þátttöku í íþróttum, bóklegum tímum og frímínútum⁵⁹. Samstarf skólanna beggja er endurskoðað á hverju hausti ásamt því að gerð er sameiginleg áætlun yfir verkefni skólaársins. Ekki hefur farið fram formlegt mat á verkefninu en kennari leikskóla og grunnskóla gera skýrslu um framgang samstarfsins eftir hvern vetur⁶⁰. Fram kom í viðtölum við starfsmenn og stjórnendur almenn ánægja með verkefnið⁶¹.

Jafnframt koma fram í skólanámskrá tengsl skólans við Tónlistarskóla Seyðisfjarðar sem m.a. gerir nemendum kleift að stunda tónlistarnám á skólatíma en ekki er formlegt samstarf á milli skólanna⁶². Nemendum skólans gefst einnig kostur á að sækja einstaka námskeið í Menntaskólann á Egilsstöðum. Krafa er þó um að þeir hafi lokið öllu námi á grunnskólastigi í viðeigandi fagi⁶³.

3.3. Námsmat

Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim. Því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær skulu vera í samræmi við hæfniviðmið, endurspeglu áherslur í kennslu og taka mið af nemendum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.⁶⁴

Skólinn hefur útfært fjölbreytt námsmat í skólanámskrá. Að sögn kennara er reynt eftir fremsta megni að gera nemendum skólans kleift að uppfylla námsmarkmið með mismunandi hætti ásamt því að tekið sé mið að þörfum hvers og eins. Til að mynda hefur nemendum sem ekki geta þreytt skrifleg próf verið gefinn kostur á að taka prófið í tölvu eða munnlega. Skilgreindir eru þekkingar- og hæfnisþættir á hverju sviði en endurskoðun þeirra hefur farið fram í stærðfræði og áætlanir eru um að hefja sömu vinnu í íslensku á skólaárinu 2012 – 2013 ásamt því að skilgreina árangursviðmið enn frekar. Ennfremur er reynt að koma til

⁵⁹ Brúum bilið úr Handbók: Skólanámskrá I. Hluti 2011 – 2012, bls. 21

⁶⁰ Fundur með fag- og árgangastjórum Seyðisfjarðarskóla

⁶¹ Fundur með stjórnendum, fundur með fag- og árgangastjórum, rýnihópur kennara, rýnihópur starfsmanna

⁶² Nám í Tónlistaskólanum úr Handbók: Skólanámskrá I. Hluti 2011 – 2012, bls. 20

⁶³ Fundur með fag- og árgangastjórum Seyðisfjarðarskóla

⁶⁴ Aðalnámskrá grunnskóla 2011:19.

móts við þarfir nemenda í tengslum við námsmat.⁶⁵ Foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður mats þrisvar sinnum yfir skólaárið⁶⁶. Að sögn kennara hefur skólinn skilgreind viðmið fyrir námsárangur⁶⁷.

3.3.1. Samræmd próf

Vegna fárra nemenda í Seyðisfjarðarskóla er ekki unnt að greina frá niðurstöðum skólans á samræmdum könnunarprófum fyrir hvert ár. Árangur í samræmdum könnunarprófum í 4. og 10. bekk var árin 2007 – 2011 undir landsmeðaltali (30) og meðaltali skóla á Austfjörðum. Árangur í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk var undir landsmeðaltali og meðaltali Austfjarða í stærðfræði en yfir meðaltali skóla á Austfjörðum í íslensku. Tafla 3 sýnir meðaltal skólans frá árinu 2007 til ársins 2011 í íslensku og stærðfræði í 4. 7. og 10. bekk.

Tafla 3. Meðaltal skólans á samræmdum könnunarprófum 2007- 2011.

	Stærðfræði		Íslenska	
	Seyðisfjarðarskóli	Meðaltal skóla á Austfjörðum	Seyðisfjarðarskóli	Meðaltal skóla á Austfjörðum
4. bekkur	28,0	29,7	29,6	29,7
7. bekkur	23,2	27,6	28,8	27,6
10. bekkur	22,7	27,0	27,9	28,3

Í rýnihópi kennara og stjórnenda kom almennt fram jákvætt viðhorf til námsmats og samræmdra könnunarprófa, en þó jákvæðast á yngri stigum. Allir aðilar sem rætt var við, voru beðnir um að nefna skýringar á gengi nemenda. Eftirfarandi ástæður voru nefndar: Ekki lögð áhersla á samræmdu prófin í kennslu, skortur á samfelli í námi, skortur á eftirfylgni, niðurstöður samræmdra könnunarprófa ekki teknar fyrir og skoðaðar markvisst, kennsluaðferðir og kennsluefni og neikvætt viðhorf meðal nemenda til sérkennslu.

Í kjölfar einkunna í stærðfræði á samræmdum könnunarprófum hefur verið farið í, að sögn skólastjóra, fag- og árgangastjóra, kennara og starfsmanna, mikla vinnu við skilgreiningu hæfnisþátta og árangursviðmiða fyrir hvern bekk ásamt því að greiningarpróf eru notuð í auknum mæli. Niðurstöður prófanna séu skoðaðar á hverju ári, þær ræddar á starfsmannafundum og fag- og árgangafundum og til þess ætlast að fólk nýti sér þær upplýsingar sem prófin gefa. Fram kom að þessum kröfum hafi e.t.v. ekki verið fylgt

⁶⁵ Greinargerð um fjölbreytta kennsluhætti

⁶⁶ Seyðisfjarðarskóli Nemendahópurinn 22. mars 2012

⁶⁷ Rýnihópur kennara

nægilega vel eftir⁶⁸. Að sögn nemenda er það misjafnt eftir kennurum hvort unnið sé með eða farið sé yfir niðurstöður samræmdra könnunarprófa⁶⁹.

3.3.2. PISA

Tafla 4 sýnir að nemendur Seyðisfjarðarskóla eru bæði yfir landsmeðaltali og meðaltali fræðsluumdæmis Skólaskrifstofu Austurlands í lesskilningi, læsi á náttúruna og læsi á stærðfræði í PISA árið 2009.

Tafla 4. Niðurstöður Seyðisfjarðarskóla á PISA 2009 í samanburði við landsmeðaltal og meðaltal fræðsluumdæmis Skólaskrifstofu Austurlands.

	Seyðisfjarðarskóli	Landsmeðaltal	Meðaltal fræðsluumdæmis SA
Lesskilningur	532	500	508
Læsi á náttúruna	543	502	477
Læsi á stærðfræði	516	508	503

Helstu ástæður fyrir góðu gengi nemenda á PISA 2009 eru, að mati stjórnenda, fag- og árgangastjóra og kennara, einstaklingarnir sem þreyttu prófið. Jafnframt tilgreina fag- og árgangastjórar að mikill einstaklingsmunur geti verið milli árganga ásamt því að áhugi foreldra og nemenda á bóklegu námi hafi einnig sitt að segja⁷⁰.

3.4. Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá grunnskólans hefur ekki verið löguð að nýrri aðalnámskrá og grunnþættir menntunar ekki útfærðir. Handbók kennara var síðast uppfærð 2009. Úttektaraðilar telja mjög brýnt að skólastjóri hafi faglega forystu um að endurskoðun skólanámskrár hefist sem fyrst út frá aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags og sem flestir aðilar skólasamfélagsins komi að vinnunni.
- Skólinn hefur átt gott samstarf við leikskólann Sólvelli um verkefnið *Brúum bilið* og kom fram ánægja með það.
- Skólinn hefur útfært fjölbreytt námsmat í skólanámskrá. Skilgreindir hafa verið þekkingar- og hæfnisþættir og árangursviðmið og nemendur eiga kost á að uppfylla námsmarkmið með mismunandi hætti.
- Foreldrar, nemendur og starfsmenn eiga fundi um árangur skólastarfsins einu þrisvar yfir skólaárið.

⁶⁸ Athugasemdir skólastjóra maí 2012.

⁶⁹ Rýnihópur nemenda

⁷⁰ Fundur með skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og fag- og árgangastjórum Seyðisfjarðarskóla

- Skólinn kom mjög vel út í PISA árið 2009 og var þar bæði yfir landsmeðaltali og meðaltali Austurlands.
- Námsárangur nemenda skólans á samræmdum prófum 2007 – 2011 hefur hins vegar verið undir landsmeðaltali og meðaltali skóla á Austurlandi nema að íslenska í 7. bekk hefur verið yfir meðaltali Austurlands. Athygli vekur að mikill munur er á árangri í íslensku og stærðfræði, sérstaklega í 7. og 10. bekk. Þar kemur íslenska umtalsvert betur út sem gefur tilefni til að skoða nám og kennslu í stærðfræði. Þá kom einnig fram það viðhorf, að neikvætt viðhorf til sérkennslu í skólanum gæti haft hér áhrif, og því mikilvægt að kanna það frekar. Brýnt er að rýna vel niðurstöður prófanna eins og bent var á í mati á skólastarfinu árið 2003. Jákvætt er að skólinn hefur nú hafið vinnu við endurskoðun skilgreininga hæfnisþátta og árangursviðmiða en um leið brýnt að stjórnendur fylgi því eftir að allir kennarar taki þátt.

4. STJÓRNUN OG REKSTUR

Rekstur Seyðisfjarðarskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélagsins Seyðisfjarðarkaupstaðar sem ber ábyrgð á *heildarskipan skólahlads í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu*⁷¹. Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur umsjón með rekstri skólans. Í bæjarstjórn sitja sjö einstaklingar, þar af eru fjórir kennarar við skólann. Jafnframt gegnir einn þeirra stöðu varaforseta⁷².

Fræðslunefnd fer með málefni grunnskólans. Hún er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara. Auk þess sitja þar sem áheyrnarfulltrúar skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, fulltrúi kennara og fulltrúi foreldra. Nefndin hefur starfsmann á sínum vegum sem einnig situr fundi hennar. Nefndin fundar að jafnaði níu til tíu sinnum á ári. Fundargerðir nefndarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins. Þar má sjá að nefndin hefur fjallað um starfsmannamál, áhrif sveitarstjórnar á grunnskólastarf, eftirlitsskýrslur á húsnæði leik- og grunnskóla, skóla- og uppeldisstefnu sveitarfélagsins og fjárhagsáætlun þess.⁷³

Skólaráð er við skólann en það var stofnað skólaárið 2008 - 2009. Ráðið skipa skólastjóri, þrjú fulltrúar kennara og starfsfólks, tveir fulltrúar nemenda og þrjú fulltrúar foreldra. Skólaárið 2011 – 2012 hefur ráðið komið tvisvar saman og var m.a. rætt um tölvubúnað skólans, hlutverk skólaráðs, verkefnið *Heilsueflandi skóli* og skóla- og uppeldisstefnu sveitarfélagsins⁷⁴. Ekki eru til fundargerðir vegna skólaársins 2010 – 2011 en ræðst það m.a. vegna þess að starfsemi þess var stöpul, að sögn skólastjóra⁷⁵. Á skólaárinu 2011 – 2012 hefur skólaráð tekið að sér söfnun fjármuna til þess að endurnýja tölvubúnað skólans. Samkvæmt fulltrúum ráðsins hefur það ekki farið yfir starfsáætlun, rekstraráætlun, skólanámskrá, ársskýrslu, húsnæðismál eða öryggismál⁷⁶.

Aukafulltrúi foreldra er í ráðinu í stað fulltrúa grenndarsamfélagsins. Að sögn fulltrúa foreldra hefur virkni foreldra í ráðinu að mestu verið að sækja fundi skólaráðs þar sem þeim hafi ekki borist nein erindi frá foreldrum til að taka fyrir í ráðinu. Að sögn fulltrúa nemenda hefur virkni þeirra verið lítil í ráðinu þar sem þeim finnst þau hafa lítið til málanna að leggja⁷⁷. Samkvæmt skólastjóra hefur ráðið ekki verið mjög virkt fyrr en á

71 Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 5. gr.

72 Bæjarstjórn af heimasíðu Seyðisfjarðarkaupstaðar

73 Fundargerðir fræðslunefndar af heimasíðu sveitarfélagsins

74 Fundargerðir skólaráðs Seyðisfjarðarskóla 2011 - 2012

75 Fundur með fulltrúum skólaráðs

76 Fundur með fulltrúum skólaráðs

77 Fundur með fulltrúum skólaráðs

skólaárinu 2011 – 2012. Að hans mati mun skólaráð nýtast við stjórnun skólans en þörf sé á að formgera starfsemi þess betur⁷⁸.

Almennt er sátt innan skólans um aðkomu kennara og annarra starfsmanna að stjórnun skólustarfsins. Misjafnar skoðanir eru þó meðal starfsmanna um hvort endanleg ákvarðanataka einstakra mála liggi hjá skólastjóra eða sameiginlega meðal starfsmanna⁷⁹. Almennt hefur stjórnun skólans gengið vel að mati stjórnenda, starfsmanna og fag- og árgangastjóra⁸⁰ en ekki liggja fyrir kannanir því til staðfestingar.

4.1. Sameiginleg stjórn grunn- og leikskóla

Árið 2008 tók skólastjóri Seyðisfjarðarskóla við stjórn leikskólans Sólvalla. Ástæða þess er að sögn fræðslunefndar sveitarfélagsins að enginn innan leikskólans vildi taka að sér stjórnun hans. Starfsemi skólanna tveggja var þó ekki sameinuð heldur var aðeins um sameiginlega stjórnun að ræða⁸¹. Um áramótin 2011/2012 lét skólastjóri grunnskólans að störfum sem leikskólastjóri Sólvalla eftir að hafa óskað eftir því sjálfur. Að sögn hans skilaði sameiginleg stjórn ekki þeim ávinningi sem gert var ráð fyrir í upphafi. Hugmyndin hafi verið að reyna að tengja skólana betur saman en skort hefði undirbúning til þess⁸². Að sögn bæjarstjóra kom það fulltrúum í bæjarráði og bæjarstjóra á óvart að fjárhagslega hagstæðara var að reka skólana án sameiginlegrar stjórnunar⁸³. Þegar starfsmenn grunnskólans voru spurðir um viðhorf til sameiningar virtist það almennt jákvætt m.a. vegna fækkunar barna í sveitarfélaginu⁸⁴.

Að sögn stjórnenda leikskólans var hlutverk stjórnenda ekki nógu skýrt og hafði það áhrif á faglega þróun innan leikskólans⁸⁵. Þegar starfsmenn voru spurðir um viðhorf sín til sameiningar kom fram að kostir hennar væru m.a. aukið stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra sem starfaði jafnframt að hluta til inni á deild. Að þeirra mati voru ókostirnir við sameiningu lítil viðvera skólastjóra inni á leikskólanum, lítil þátttaka eða þekking skólastjóra á starfi leikskólans, langar boðleiðir, starfsmenn upplifðu stofnanirnar sem aðskildar og ekkert samstarf hafi verið milli skólanna umfram það sem áður var⁸⁶. Að sögn foreldra barna á leikskólanum, sem rætt var við, gekk sameiginleg stjórn skólanna ekki sem skyldi, ekki hafi verið sátt um samrekstur og það viðhorf kom fram að mikið reiðuleysi

78 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

79 Fundur með skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, fag- og árgangastjórum og rýnihópi kennara

80 Fundur með skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, fag- og árgangastjórum og rýnihópi starfsmanna

81 Fundur með fulltrúum fræðslunefndar

82 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

83 Fundur með bæjarstjóra og fulltrúum Skólaskrifstofu Austurlands

84 Rýnihópur kennar og rýnihópur starfsmanna

85 Fundur með stjórnendum leikskóla

86 Fundur með stjórnendum, fundur með deildastjórum og kennurum, rýnihópur starfsmanna.

hafi ríkt⁸⁷. Fyrrverandi skólastjóri leik- og grunnskólans segir mikilvægt að slíkum athugasemdum hefði verið komið á framfæri við stjórnendur eða bæjaryfirvöld⁸⁸.

Í viðtölum við starfsmenn og stjórnendur beggja stofnana kom fram það viðhorf að ef til sameiningar kæmi aftur þyrfti að vera staðið betur að henni m.a. í tengslum við undirbúning, hlutverk stjórnenda betur skilgreind og rekstur og starfsemi stofnana sameinaður en ekki aðeins stjórn þeirra^{89,90}.

4.2. Stjórnskipulag og skipurit

Skólinn hefur ekki skipurit⁹¹ en ábyrgðarskipting stjórnenda kemur skýrt fram í starfslýsingum þeirra⁹². Stjórnskipulag skólans er á þann veg að stjórnendur eru tveir, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, en einnig eru tveir fag- og árgangastjórar sem sinna faglegum verkefnum en hafa enga stjórnunarskyldu⁹³. Stjórnskipulag skólans hentar stærð hans og verkefnum að mati stjórnenda, fræðslunefndar og fag- og árgangastjóra⁹⁴. Til eru starfslýsingar fyrir öll störf að undanskildum kennurum en stuðst er við erindisbréf fyrir kennara í grunnskólum⁹⁵. Að sögn stjórnenda, fag- og árgangastjóra og kennara eru verkferlar innan skólans skýrir. Meðal annars eru verkferlar fyrir agabrot, eineltismál, eldsvoða, móttökuáætlun fyrir nýja nemendur o.fl.⁹⁶.

4.3. Ákvarðanataka

Stjórnun skólans er lýðræðisleg og byggir á samvinnu að mati starfsmanna. Það geti þó haft í för með sér minni skilvirkni í ákvörðunartöku⁹⁷ sem sé þó skilvirk þegar liggja á ákvörðun⁹⁸. Aðkoma nemenda að ákvarðanatöku innan skólans snýr að mestu að félagsstarfi nemenda, en tveir nemendur sitja í skólaráði. Enn fremur semja nemendur bekkjarreglur á hverju hausti í samráði við kennara sinn⁹⁹. Að sögn stjórnenda og fag- og árgangastjóra er þátttaka nemenda að ákvörðunum einnig mjög einstaklingsbundin en þörf sé þó á að virkja nemendur enn frekar í skólaráði og í nemendalýðræði almennt¹⁰⁰. Ennfremur séu áhrif nemenda á

87 Rýnihópur foreldra

88 Athugasemdir skólastjóra grunnskólans maí 2012

89 Fundur með stjórnendum, fundur með fag- og árgangastjórum, rýnihópur kennara, rýnihópur starfsmanna

90 Fundur með stjórnendum, fundur með fag- og árgangastjórum og kennurum, rýnihópur starfsmanna

91 Gagnalisti fyrir úttekt á starfsemi Seyðisfjarðarskóla

92 Starfslýsing skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

93 Fundur með skólastjóra, og aðstoðarskólastjóra

94 Fundur með skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, fag- og árgangastjórum og fulltrúum fræðslunefndar

95 Starfslýsing skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, stuðningsfulltrúa, húsvaðar, skólaritara, starfsmanns í skólaseli og erindisbréf fyrir kennara í grunnskólum

96 Fundur með skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, fag- og árgangastjórum og rýnihópi kennara

97 Fundur með fag- og árgangastjórum og rýnihópur starfsmanna og kennara

98 Rýnihópur kennara

99 Rýnihópur nemenda, starfsfélks, kennara og fundur með fag- og árgangastjórum, skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

100 Fundur með skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og fundur með fag- og árgangastjórum

framboð valgreina takmörkuð þar sem framboð þeirra ræðst af því hvað kennarar skólans geta tekið að sér kennslu í valinu¹⁰¹.

4.4. Nemendaverndarráð

Starfrækt er nemendaverndarráð við skólann. Ráðið skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sérkennari og skólahjúkrunarfræðingur¹⁰². Ráðið kemur saman þrisvar á skólaári, að sögn skólastjóra. Þó fundi ráðið oftast ef um sérstök málefni er að ræða¹⁰³.

4.5. Nemendafélag

Nemendafélag er við skólann. Ráðið er skipað með kosningu nemenda eldri bekkja á hverju hausti. Ráðið hefur aðkomu að ýmsum verkefnum er snúa að félagsstarfi nemenda s.s. Þurrablóti. Að sögn skólastjóra er stjórn þess dugleg við að koma með hugmyndir að félagsstarfi meðal nemenda en erfitt hafi reynst að formgera starfsemi þess¹⁰⁴. Formaður og varaformaður nemendafélagsins nefndu að nemendur skorti aukna aðstoð starfsfólks skólans við skipulagningu og eftirfylgni með verkefnum ráðsins¹⁰⁵, en að sögn skólastjóra er enginn einn starfsmaður sem starfar með þeim¹⁰⁶.

4.6. Mat úttektaraðila

- Fræðslunefnd hefur gegnt hlutverki sínu vel. Nefndin heldur reglulega fundi, hefur sérstakan starfsmann á sínum vegum og hefur fjallað um fjölmörg mál og beitt sér sérstaklega fyrir auknu eftirliti á húsnæði skólans.
- Skólaráð var fyrst stofnað á skólaárinu 2008 – 2009. Starfsemi þess hefur verið stopul, fundagerðir hafa almennt ekki legið fyrir og ráðið ekki fjallað um þá þætti sem því ber sbr lög. Á núverandi skólaári hefur ráðið tekið að sér að safna fyrir tölvubúnaði til handa skólanum. Mikilvægt er að fulltrúum í ráðinu sé kynnt vel hlutverk og skyldur skólaráðs og að það sinni hlutverki sínu.
- Stjórnendur skólans eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sem er staðgengill skólastjóra, og tveir fag- og árgangastjórar. Stjórnskipulag skólans virðist henta stærð hans og verkefnum vel.
- Óskað var sérstaklega eftir að úttektaraðilar skoðuðu sameiningu leik- og grunnskólans, sjá inngang. Stjórnun skólanna var sameinuð árið 2008 og gekk það ekki upp að mati aðila í rýnihópum. Þurft hefði að skilgreina betur hlutverk

101 Rýnihópur nemenda, starfsmanna, kennara, fundur með fag- og árgangastjórum, skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

102 Áfallaáætlun af heimasíðu Seyðisfjarðarskóla

103 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

104 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

105 Fundur með fulltrúum skólaráðs

106 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

stjórnenda og rekstur við sameininguna, en ekki aðeins stjórnun hans. Ef sveitarfélagið íhugar að endurskoða ákvörðun sína og sameina að nýju leik- og grunnskólann, þá er mikilvægt að undirbúa ferlið betur og fá helstu hagsmunaaðila, s.s. foreldra, starfsmenn og nemendur að borðinu.

- Til eru margs konar verkferlar s.s. fyrir agabrot, eineltismál, eldsvoða, móttökuáætlun fyrir nýja nemendur o.fl. Fram kom að þeir væru almennt skýrir.
- Ekki liggja fyrir nýlegar kannanir á stjórnun skólans en almennt virðist stjórnun skólans hafa gengið vel. Misjafnar skoðanir komu þó fram um hvort endanleg ákvarðanataka einstakra mála liggi hjá skólastjóra eða sameiginlega meðal starfsmanna á starfmannafundum. Úttektaraðilum fannst þeir skynja hjá sumum starfsmönnum að skólastjóri mætti á stundum vera meira afgerandi í að taka ákvarðanir.
- Fram kom í úttektinni að meirhluti bæjarstjórnar er skipaður kennurum skólans. Að mati úttektaðila setur þetta skólastjóra óneitanlega í mjög sérstaka stöðu þar sem þeir kennarar eru bæði undirmenn skólastjóra og yfirmenn.
- Nemendur virðast ekki taka mikinn taka þátt í að ákvarða leiðir í námi sínu. Nemendur mætti virkja betur svo og fulltrúa þeirra í skólaráði sbr. einn af grunnþáttum aðalnámskrár, lýðræði.
- Nemendafélag er í skólanum. Þrátt fyrir hugmyndir nemenda hefur reynt erfitt að raungera þær. Svo virðist sem lítil aðstoð starfsmanna skólans hafi haft þar áhrif. Mikilvægt er að nemendafélagið geti uppfyllt skyldur sínar sbr. lög.

5. NÁM OG KENNSLA

Í skóla án aðgreiningar á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluáferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja árangursríkustu leiðirnar til að ná sem bestum árangri í samræmi við hæfniviðmið sem stefnt er að hverju sinni.¹⁰⁷

5.1. Kennsluhættir og fjölbreytni

Stefna skólans segir til um að kennarar eigi að miða nám barna og kennslu við forsendur hvers einstaks nemanda. Í skólastarfinu eigi að notast við sveigjanlegt skipulag, hefðbundna kennslu, einstaklingskennslu og hópastarf til að kennsluhættir séu sem fjölbreyttastir¹⁰⁸. Að sögn kennara eru fjölbreyttari kennsluhættir á yngra- og miðstigi skólans s.s. söguáferðin, útikennsla og stöðvakennsla. Kennsla í eldri bekkjum sé meira bundin við hefðbundna töflukennslu¹⁰⁹.

Áhersla er innan skólans, að sögn skólustjóra, að allir nemendur hans séu vel læsir í víðasta skilningi orðsins. Allt frá upphafi skólagöngu nemenda er fylgst með þróun þeirra í lestri og gripið inn í ef erfiðleikar koma upp. Þegar nemendur hafa náð betri tókum á lestri færast áherslan yfir í lesskilning. Í framhaldi er lögð áhersla á yndislestur nemenda. Börn eru hvött til þess að lesa sem mest og er tími til yndislesturs hluti af kennslustundum allra bekkja. Ennfremur hefur skólinn sett af stað verkefni þ.á.m. „1000 bóka veisla” til þess að hvetja nemendur til frekari yndislesturs. Skólinn hefur ekki sett sér skriflega stefnu í þessum málum en stefnt er á að átaksverkefni í læsi hefjist haustið 2012 þar sem m.a. verður stefnt á að marka stefnu í læsi, samræma lestraraðferðir og áherslur milli kennara¹¹⁰.

Heildarfjöldi kennslustunda skólaárið 2010 - 2011 var örlítið yfir viðmiðum núverandi aðalnámskrár. Fleiri kennslustundir voru í náttúrufræði, samfélagsfræði, tungumálum á mið- og unglingsstigi, íslensku, stræðfræði í 5. – 7. bekk og skólaíþróttum, en færri í list- og verkgreinum í heild og vali. Þó eru fleiri tímar í list- og verkgreinum á yngsta stigi en viðmið aðalnámskrár segja til um. Skólaárið 2011 – 2012 eru fimm valnámskeið í boði fyrir 9. og 10. bekk. Þau eru starfsfræðsla, franska, heimilisfræði, upplýsingamennt og smíði. Að sögn skólustjóra er val nemenda er á engan hátt kynbundið. Sökum smæðar, fárra nemenda og úthlutunar kennslutíma til skólans hefur skólinn lítið svigrúm til að geta boðið upp á valnámskeið. Jafnframt hefur reynst erfitt að fá kennara til að taka að sér valnámskeið¹¹¹.

¹⁰⁷ Aðalnámskrá grunnskóla 2011:34

¹⁰⁸ Greinargerð um fjölbreytta kennsluhætti

¹⁰⁹ Rýnihópur kennara

¹¹⁰ Greinargerð um áherslur skólans á læsi í viðum skilningi, allt frá upphafi til loka grunnskóla

¹¹¹ Greinargerð um valnámskeið sem skólinn býður upp á

Skólinn nýtir upplýsingatækni í kennslu. Allir bekkir skólans sækja upplýsingaver skólans hálfsmánaðarlega ásamt umsjónarkennara sínum. Í upplýsingaverinu vinna þeir að verkefnum s.s. hreyfimyndir, um líkamann, um plánetur og bækling um trúarbrögð. Jafnframt eru allir nemendur skólans í upplýsingamenntatímum vikulega, 80 mínútur í senn hálf tölvaárið. Skólinn hefur yfir að ráða 18 tölvum þar af tveimur fyrir útlánakerfi bókasafnsins. Tölvubúnaður skólans er gamall og er nú unnið að fjáröflun til kaupa á nýjum tölvubúnaði¹¹².

Vegna fækkunar nemenda hefur skólinn þróað kennsluhætti sína frá hefðbundinni bekkjarkennslu yfir í samkennslu árganga¹¹³. Einnig eru einstaklingsbundnar námsáætlanir fyrir nemendur með miklar sérþarfir¹¹⁴. Að sögn nemenda eru kennsluhættir skólans lýðræðislegir. Daglegur yndislestur er í öllum bekkjum þar sem nemendur velja sér lestrarbækur ásamt því að þeim er gefinn kostur á að velja verkefni hafi þeir klárað þau verkefni sem sett voru fyrir af kennara þá vikuna. Líkt og fram kom hér að ofan þá hefur skólinn ekki kost á að bjóða upp á marga áfanga í vali. Að sögn nemenda er þeim ekki boðið upp á val heldur bjóðist þeim að sleppa einum af valáföngunum¹¹⁵.

5.1.1. Heimanám

Stefna skólans er að heimanám sé í öllum bekkjum¹¹⁶. Það viðhorf kom fram í hópi foreldra að einhver misbrestur hafi orðið á heimanámi og nefnt var dæmi um nemanda á skólaárinu 2010 – 2011. Að sögn foreldris var haft samband við kennara nemandans og greindi hann frá því að nemandinn hefði ekkert heimanám. Aðrir fulltrúar foreldra sögðu að börn þeirra hefðu heimanám¹¹⁷. Ekki er sátt meðal allra foreldra, að mati skólustjóra, um stefnu skólans um heimanám þar sem það sé skoðun sumra foreldra að heimanám eigi að fara fram innan skólans en aðrir vilji meiri heimavinnu¹¹⁸.

5.2. Lýðræði

Nemendur skólans hafa vettvang í skólaráði og nemendafélaginu til að hafa áhrif á skólustarfið, en aðkoma nemenda að ákvarðanatöku innan skólans snýr að mestu að félagsstarfi þeirra. Líkt og greint var frá í kafla 4.3 þá er, að sögn stjórnenda, fag- og árgangastjóra og kennara, þátttaka nemenda í ákvörðunum einnig mjög einstaklingsbundin en þörf sé þó á að virkja nemendur enn frekar í skólaráði og í nemendalýðræði almennt¹¹⁹

¹¹² Greinargerð um skólabókasafn / upplýsingaver

¹¹³ Greinargerð um þróun starfshátta

¹¹⁴ Greinargerð um fjölbreytta kennsluhætti

¹¹⁵ Rýnihópur nemenda

¹¹⁶ Fundur með skólustjóra og aðstoðarskólustjóra

¹¹⁷ Rýnihópur foreldra

¹¹⁸ Fundur með skólustjóra og aðstoðarskólustjóra

¹¹⁹ Fundur með skólustjóra, aðstoðarskólustjóra og fundur með fag- og árgangastjórum

5.3. Þróunarverkefni

Að sögn stjórnenda hefur ekki verið mikið um að skólinn taki þátt í þróunarverkefnum með formlegum hætti síðastliðin ár. Innleiðing *Olweusaráætlunarinnar* hafi þó verið eins konar þróunarverkefni og hafin sé vinna við verkefnið *Heilsueflandi skóli*. Jafnframt hefur skólinn unnið að endurskoðun stærðfræðikennslu og teymiskennslu ásamt samstarfi við Menningarmiðstöðina Skaftfell um þróun kennsluverkefna í myndlist sem lúta að þróun skólustarfsins. Misjafn er eftir verkefnum, að sögn skólustjóra, hversu vel skólanum hefur gengið að festa áhrifin í sessi. Sum verkefni hafa misst forsendur sínar og önnur eru komin of stutt á leið svo raunverulegan árangur sé hægt að sjá af verkefnunum¹²⁰. Að sögn kennara hafi þátttaka skólans í *Olweusaráætluninni* tekið mikinn tíma og ekki hafi verið rúm til að vinna að þróunarverkefnum á sama tíma¹²¹.

5.4. Sérkennsla

Skólinn hefur sett sér stefnu og markmið í tengslum við sérkennslu. Þar segir að *Seyðisfjarðarskóli sé skóli án aðgreiningar með þjónustu fyrir alla nemendur sína bæði fatlaða og ófatlaða. Jafnrétti til náms eru almenn mannréttindi og er það hlutverk skólans að stuðla að alhliða þroska og menntun allra nemenda svo hver og einn fái kennslu við sitt hæfi*¹²².

Fagstjóri sérkennslu sinnir skipulagi sérkennslu. Hann er menntaður þroskaþjálfari með framhaldsnám í kennslu yngri barna. Sérkennsla fer fram með ýmsum hætti s.s. einstaklingskennsla, kennsla í minni hópum í lesveri eða inni í bekk. Skipulag sérkennslu fer eftir þörfum nemenda og samdar eru einstaklingsbundnar námsáætlanir. Námsmat einstaklinga í sérkennslu fer fram jafnt og þétt yfir það tímabil sem nemandi nýtur sérkennslu og er jafnframt notað jafnóðum sem leiðbeinandi mat¹²³. Að sögn fulltrúa fræðslunefndar er það að nemendur þurfi á sérkennslu að halda litið fremur neikvæðum augum í samfélaginu¹²⁴. Nemendur segja sérkennslu mest megnis fara fram utan bekkjar og sérkennsla sé fyrir þá sem ekki séu að standa sig jafn vel og hinir¹²⁵.

Skólaárið 2010 – 2011 voru veittar 40 stundir á viku til sérkennslu og 54 stundir í sérstuðning. Alls bárust 23 tilvísanir um sérkennslu á skólaárinu þar af níu vegna sálfræðigreiningar eða þroskamats, þrjár vegna lestrargreiningar, tvær vegna endurnýjunar

120 Greinargerð um þróunarverkefni sem skólinn vinnur að

121 Rýnihópur kennara

122 Greinargerð um sérkennslu

123 Greinargerð um sérkennslu

124 Fundur með fulltrúum fræðslunefndar

125 Rýnihópur nemenda

á glærum vegna litgreiningar, tvær voru tilvísun til talmeinafræðings og átta tilvísanir til sálfræðings¹²⁶.

5.5. Mat úttektaraðila

- Kennsluhættir á yngra stigi eru mjög fjölbreyttir eins og sjá mátti í húsnæði og skólastofum þar sem verkefni nemenda voru víða. Þar er m.a. um er að ræða sveigjanlegt skipulag, stöðvakennsla, söguaðferðin er mikið notuð svo og útikennsla. Þá hefur verið mikil áhersla á læsi. Á eldri stigum er uppröðun í kennslustofum með „hefðbundnu sniði“ og er tekið undir það sem fram kemur í mati á skólanum frá 2003 að slíkt „ýti undir fábreytni í kennsluháttum.“ Þá hamlar gamall tölvubúnaður á vissan hátt námi nemenda.
- Heildarfjöldi kennslustunda skólaárið 2010 - 2011 var örlítið yfir viðmiðum núverandi aðalnámskrár en mun færri stundir í list- og verkgreinum og vali en gert er ráð fyrir. Svo virðist sem skortur á kennurum í þessum greinum hafi þar áhrif en erfitt hefur reynst að fá slíka kennara til starfa.
- Samstarf skólans við Menningarmiðstöðina Skaftfell er afar áhugavert og hefur á vissan hátt bætt skólanum upp skort á listgreinakennurum.
- Skólinn hefur stefnu um að heimanám sé í öllum bekkjum en ekki virðist ríkja sátt um fyrirkomulag og umfang þess og hvort farið væri eftir stefnunni hjá öllum kennurum. Þetta kom einnig fram í mati á skólanum árið 2003. Mikilvægt er að kanna viðhorf foreldra til heimanáms sem hluta af sjálfsmati skólans og skoða leiðir til úrbóta þannig að farið sé að stefnu skólans.
- Skólinn hefur innleitt Olweusaráætlun undanfarin skólaár sem þróunarverkefni og með góðum árangri. Skólinn tekur einnig þátt í öðrum verkefnum sem e.t.v. eru ekki öll formleg þróunarverkefni. Eins og áður er vikið að gæti þátttaka skólans í formlegum þróunarverkefnum, t.d. í samstarfi við aðra skóla komið að einhverju leyti til móts við þarfir starfsmanna fyrir endurmenntun.
- Skólinn hefur mótað sér stefnu í sérkennslu og beitir fjölbreyttum aðferðum. Viðhorf til sérkennslu virðist nokkuð sérstakt og mikilvægt fyrir skólann að rýna vel í það og kanna leiðir til úrbóta þar sem neikvætt viðhorf til sérkennslu gæti m.a. haft áhrif a niðurstöður samræmdra prófa.

¹²⁶ Greinargerð um sérkennslu

6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

Nemendur þurfa að læra að umgangast hver annan og allt starfsfólk skóla í sátt og samlyndi og taka ábyrgð á eigin framkomu og hegðun og virða skóla- reglur. Leggja þarf áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda. Til þess að svo megi verða ber starfsfólki skóla í hvívetna að stuðla að góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu allra í skólanum í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk. Efla skal félagsfærni nemenda með því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi.¹²⁷

Starfsandi og skólabragur innan skólans er góður, að mati stjórnenda, starfsmanna og nemenda. Þeir lýsa honum m.a. sem jákvæðum, góðum, skemmtilegum, metnaðarfullum og vilja til að gera það besta fyrir skólann¹²⁸. Reynt hafi verið að byggja upp jákvæðan skólabrag m.a. með opinni umræðu á kennarafundum, stuðningi starfsfólks við hvert annað, innleiðingu Olweusaráætlunarinnar og námsferð allra starfsmanna til Kanada¹²⁹.

Skólinn hefur sett sér skólareglur þar sem m.a. er fjallað um nám, stundvísi, umgengni, notkun farsíma og tölvuleikja o.s.frv. Jafnframt setur hver bekkur fyrir sig bekkjareglur í samvinnu við umsjónarkennara¹³⁰. Með innleiðingu Olweusaráætlunarinnar er kominn skýr verkferill um hvert nemendur skulu leita ef upp koma vandamál¹³¹.

Að sögn starfsmanna, kennara, fag- og árgangastjóra, skólastjóra og aðstoðarskólastjóra er tekið á agavandamálum með kerfisbundnum hætti¹³². Skólinn hefur sett sér ferli er varðar agabrot nemenda. Þar er tilgreint skref fyrir skref hver viðbrögð starfsmanna við agabrotum nemenda skulu vera. Fyrsta skref vegna agabrota er samtal við nemenda þar sem leitað er lausna. Ef agabrot eru viðvarandi til lengri tíma og öll ráð brugðist er haft samráð við fræðslumálaráð og félagsmálayfirvöld¹³³. Ennfremur hefur skólinn skilgreint neikvæða og jákvæða hegðun, framkomu og atferli starfsfólks¹³⁴.

6.1. Einelti

Skólinn hefur eineltisáætlun. Í áætluninni er kveðið á um ábyrgð skólans og starfsfólks á vellíðan barna, hlutverk kennara og aðgerðir sem grípa skuli til ef grunur er um einelti. Viðbrögð skólans ef einelti kemur upp má sjá í viðauka 2. Ennfremur er í skólanum til flæðirit þar sem viðbrögð starfsmanna við einelti er sett fram myndrænt¹³⁵. Sátt ríkir um hvernig skólinn tekur á eineltismálum að mati starfsmanna, foreldra, fag- og árgangastjóra,

¹²⁷ Aðalnámskrá grunnskóla 2011:32

¹²⁸ Rýnihópur kennara, starfsfólks, nemenda, fundur með fag- og árgangastjórum, fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

¹²⁹ Fundur með fag- og árgangastjórnunum og rýnihópur starfsfólks

¹³⁰ Skólareglur Seyðisfjarðarskóla

¹³¹ Rýnihópur kennara, starfsfólks, nemenda, fundur með fag- og árgangastjórum, fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

¹³² Rýnihópur kennara, starfsfólks, nemenda, fundur með fag- og árgangastjórum, fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

¹³³ Ferli við agabrotum nemenda

¹³⁴ Hegðun, framkoma og atferli starfsfólks

¹³⁵ Eineltisáætlun – flæðirit af heimasíðu Seyðisfjarðarskóla

skólastjóra, aðstoðarskólustjóra og fulltrúa fræðslunefndar¹³⁶. Skólinn hefur frá skólaárinu 2009 – 2010 staðið að innleiðingu Olweusaráætlunarinnar. Samhliða hefur dregið úr einelti innan skólans eða úr 13,1% haustið 2009¹³⁷ í 7,7% vorið 2011¹³⁸ og 9,1% haustið 2011¹³⁹. Almenn ánægja er meðal starfsmanna í tengslum við verkefnið m.a. *telja starfsmenn að verkefnið hafi þjappað þeim saman og aukið samstöðu þeirra til skilvirkra vinnubragna í eineltismálum*¹⁴⁰.

6.2. Jafnrétti

Skólinn framfylgir stefnu sveitarfélagsins í jafnréttismálum¹⁴¹. Jafnréttis meðal nemenda er gætt í starfi skólans með því að reynt er að koma til móts við þarfir hvers einstaklings. Til að mynda hafi allir starfsmenn skólans sótt námskeið í *Tákn með tali* vegna nemenda með Down-heilkenni og námskeið um einhverfu vegna annars nemenda¹⁴². Ekki er til staðar sérstök móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en skólinn hefur almenna móttökuáætlun sem á við alla nemendur skólans. Nemendur með annað tungumál en íslensku fá þó ávallt aukatíma í íslensku, að sögn stjórnenda og fag- og árgangastjóra¹⁴³.

6.3. Félags- og tómstundastarf

Skólinn stendur fyrir félags- og tómstundastarfi en hann sér um rekstur félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins. Félagsmiðstöðin er opin tvö kvöld í viku fyrir 8. – 10. bekk en einu sinni í viku fyrir 5. – 7. bekk. Fjölbreytt framboð er af viðburðum á vegum skólans og félagsmiðstöðvarinnar m.a. Fjarðarball, söngvakeppni, Gist saman, Legó – keppni, leikhópur, Þurrablót í anda þorrablóta, sameiginleg skólaskemmtun allra bekkja og skólaferðalög. Félags- og tómstundastarf er að mestu fyrir mið- og elsta stig skólans en félagsstarf yngsta stigs byggist helst á bekkjarkvöldum sem haldin eru tvisvar sinnum á hverju skólaári ásamt upptökum foreldrafélagsins.

Almennt hefur þátttaka nemenda í félags- og tómstundastarfi verið góð, að undanskildum opnum kvöldum í félagsmiðstöð. Að sögn fag- og árgangastjóra hafa nemendur ekki sótt félagsmiðstöðina mikið og kvarta undan að þar sé lítið að hafa fyrir stafni¹⁴⁴ og sögðust þeir nemendur, sem rætt var við, sammála því¹⁴⁵. Nemendur hafa áhrif á framboð félags- og tómstundastarfs en nemendarád skólans hefur tillögurétt um viðburði á

136 Rýnihópur starfsfólks, fundur með fag- og árgangastjórum, fundur með skólastjóra og aðstoðarskólustjóra, fundur með fræðslunefnd sveitarfélagsins

137 Skýrsla vegna vinnu við innleiðingu Olweusaráætlunar í Seyðisfjarðarskóla veturinn 2010- 2011/ 2009 - 2010

138 Niðurstöður úr yfirlitskönnun Olweusar um einelti, janúar 2011.

139 Seyðisfjarðarskóli: Könnun Q46 Olweus 2011 Island

140 Skýrsla vegna vinnu við innleiðingu Olweusaráætlunar í Seyðisfjarðarskóla veturinn 2010- 2011/ 2009 - 2010

141 Jafnréttisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar

142 Fundur með skólustjóra og aðstoðarskólustjóra, fundur með fag- og árgangastjórum, rýnihópur starfsmanna

143 Fundur með skólustjóra, aðstoðarskólustjóra og fag- og árgangastjórum

144 Fundur með fag- og árgangastjórum

145 Rýnihópur nemenda

vegum skólans. Að sögn skólastjóra hefur nemendaráð lítið nýtt sér tillöguréttinn og auka mæti virkni þess í þeim efnum¹⁴⁶.

6.4. Mat úttektaraðila

- Skólabragur og starfsandi í Seyðisfjarðarskóla virðist almennt jákvæður og líðan nemenda og starfsmanna góð. Ekki eru til kannanir til frekari staðfestingar en úttektaraðilar telja mikilvægt að þær verði lagðar fyrir í tengslum við innra mat skólans. Olweusarverkefnið hefur þjappað starfsmannahópnum vel saman og aukið samstöðu hans.
- Með innleiðingu Olweusaráætlunarinnar er kominn skýr verkferill um hvert nemendur skulu leita ef upp koma vandamál og er tekið á þeim með kerfisbundnum hætti.
- Eineltisáætlun liggur fyrir. Dreigið hefur verulega úr einelti eftir að Olweusaráætlun var innleidd og sátt ríkir um hvernig skólinn tekur á eineltismálum.
- Ekki er til móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál sbr. lög um grunnskóla.
- Jafnréttis meðal nemenda virðist gætt í flestum tilvikum (beggja kynja, nemenda af erlendu bergi brotnu og fatlaðra).
- Skólinn stendur fyrir fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi og hefur þátttaka nemenda verið góð. Nemendur hafa áhrif á framboð í gegnum nemendafélag og skólaráð en þar mætti, eins og áður er komið fram, virkja þá betur.

¹⁴⁶ Greinargerð skólastjóra um félags- og tómstundastarfs sem skólinn býður upp á

7. INNRA MAT

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrár og áætlanir um umbætur.¹⁴⁷

7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd

Skýrsla og áætlun um innra mat hefur ekki verið gerð frá skólaárinu 2006 – 2007¹⁴⁸. Starfsmenn skólans voru spurðir að ástæðu þess og nefndu flestir að innleiðing Olweusaráætlunarinnar hafi verið svo veigamikil verkefni að ekki hafi gefist tími í innra mat. Einnig var nefndur tímaskortur og að ekki hafi komið boð að ofan um gerð þess¹⁴⁹. Að sögn skólastjóra lagðist innra mat skólans að mestu niður þegar skólinn hóf innleiðingu á Olweusaráætluninni og ákveðið hafi verið að leggja ekki áherslu á annað á meðan á henni stæði. Einnig nefnir hann að skólinn hafi notast við Skólarýni við innra mat sitt en hann hafi verið skólanum ofviða en nú sé m.a. stefnt að því að taka upp Skólapúlsinn¹⁵⁰.

7.2. Úttekt á sjálfsmatsaðferðum Seyðisfjarðarskóla 2009

Úttekt var gerð á sjálfsmatsaðferðum Seyðisfjarðarskóla vorið 2009 af *British Standards Institution* fyrir menntamálaráðuneytið. Fram kemur í bréfi sem sent er Seyðisfjarðarkaupstað og skólastjóra 12. maí 2009¹⁵¹ að *úttektin leiddi í ljós að samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins teljist sjálfsmatsaðferðir í Seyðisfjarðarskóla fullnægjandi að hluta og framkvæmd sjálfsmats fullnægjandi að hluta. Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til bæjarstjóra, skólanefndar og skólastjóra að þau kynni sér vandlega niðurstöðurnar og vinni að úrbótum eftir því sem við á. Með vísan til 4.gr. laga nr. 91/2008 er hér með óskað eftir að bæjarstjóri sendi menntamálaráðuneytinu upplýsingar um það hvernig brugðist verður við niðurstöðunum og er þess vænst að áætlun um úrbætur berist menntamálaráðuneytinu eigi síðar en 9. júní 2009. Nánari niðurstöður úttektarinnar má sjá í töflu 5.*

Tafla 5. Meginniðurstöður úttektar á sjálfsmatsaðferðum skólans 2009.

Staða sjálfsmats	Mat úttektaraðila 2009
Skrifleg og opinber verkáætlun um sjálfsmat liggur fyrir	Já
Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram	Já
Staða sjálfsmats í skólanum	Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram á tilteknum þáttum skólastarfsins
Sjálfsmatsskýrsla hefur verið gefin út	Já

147 Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 36.gr.

148 Innra mat/ Sjálfsmat

149 Fundur með fag- og árgangastjórum, rýnihópur starfsmanna, rýnihópur kennara

150 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

151 Bréf menntamálaráðuneytis til Seyðisfjarðarkaupstaðar 12. maí 2009.

Sjálfsmatsaðferðir	Mat úttektaraðila 2009
Formlegt mat	Já
Altækt	Nei
Áreiðanlegt	Já að hluta
Samstarfsmiðað	Já
Umbótamiðað	Já
Árangursmiðað	Já
Stofnanamiðað	Já
Einstaklingsmiðað	Já
Lýsandi	Nei
Greinandi	Já
Opinbert	Já

7.3. Mat úttektaraðila

- Skýrsla og áætlun um innra mat hefur ekki verið gerð frá skólaárinu 2006 – 2007. Í úttekt sem var gerð árið 2009 var sjálfsmat skólans metið fullnægjandi að hluta. Mikilvægt er að fyrir liggi sjálfsmatsáætlun, kannanir verði lagðar fyrir, umbótaáætlun gerð og mati gerð skil í sjálfmatsskýrslu. Að matinu þurfa að koma allir aðilar skólasamfélagsins sbr. aðalnámskrár og það þarf að kynna öllum hagsmunadilum.

8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL

Starfsmönnum skóla er skylt að efla samstarf skólaog heimila, m.a. með því að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar umstarfið í skólanum".¹⁵²

8.1. Foreldrasamstarf

Foreldrafélag er við skólann og verða allir foreldrar sjálfkrafa meðlimir félagsins. Hlutverk þess er að efla tengsl milli heimila og skóla¹⁵³. Samkvæmt fundargerðum hefur stjórn foreldrafélagsins komið saman tvisvar á skólaárinu 2011 – 2012 og þrisvar á skólaárinu 2010 – 2011. Á fundum félagsins hefur m.a. verið fjallað um fjármál félagsins, óskir skólans um styrki, viðburði sem félagið stendur fyrir og fulltrúar valdir í skólaráð¹⁵⁴. Aðkoma foreldra að ákvörðunum um skólastarfið er, að sögn skólastjóra, í gegnum foreldrafélagið og sem bekkjarfulltrúar¹⁵⁵. Skólinn er einnig í samstarfi við foreldra nemenda um að hjálpa til á viðburðum skólans og fjáröflun nemenda s.s. þurrablót, þegar nemendur gista saman í íþróttahúsi og að vera gæslumenn á LungA, sem er listahátíð fyrir ungt fólk sem fram fer á Seyðisfirði á hverju sumri.¹⁵⁶

8.2. Samstarf við grenndarsamfélag

Að sögn skólastjóra er virkt samstarf milli skólans og grenndarsamfélagsins en skólinn reyni að vera í sem mestum tengslum við grenndarsamfélagið. Skólinn leggi áherslu á að veita upplýsingar um skólastarfið m.a. á vefsíðu sinni og að bjóða alla velkomna að heimsækja skólann. Nemendur skólans hafa staðið fyrir viðburðum sem grenndarsamfélagið sækir, s.s. Þurrablót, en ennfremur gefst elstu nemendum skólans færi á starfsfræðslu í fyrirtækjum bæjarins. Þá er skólinn í samstarfi við Menningarmiðstöðina Skaftfell um myndlistarkennslu á elsta stigi og við gerð kennsluverkefna og Leikfélag Seyðisfjarðar um starfsemi leikhóps innan skólans¹⁵⁷. Eldri borgarar hafa heimsótt skólann og frætt nemendur um fyrri öld í tengslum við verkefni sem nemendurnir eru að vinna að ásamt því að kenna laufabrauðsbakstur. Einnig hafa nemendur heimsótt fyrirtæki í tengslum við verkefnavinnu¹⁵⁸.

Líkt og greint var frá í kafla 3.2 er skólinn í samstarfi við leikskólann Sólvelli í verkefni sem nefnist *Brúum bilið*. Ennfremur er skólinn í samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum um heimsóknir og kynningar fyrir elstu nemendur grunnskólans. Að sögn

¹⁵² Lög um grunnskóla nr.91/2008

¹⁵³ Foreldrafélag af heimasíðu Seyðisfjarðarskóla

¹⁵⁴ Fundargerðir foreldrafélags Seyðisfjarðarskóla

¹⁵⁵ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

¹⁵⁶ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, rýnihópur kennara, rýnihópur foreldra

¹⁵⁷ Greinargerð um samstarf skólans við grenndarsamfélagið s.s. menningarlíf, æskulýsstarf eða atvinnulíf

¹⁵⁸ Greinargerð um samstarf skólans við grenndarsamfélagið s.s. menningarlíf, æskulýsstarf eða atvinnulíf

skólastjóra hefur ekki verið mikið um samstarf við aðra grunnskóla á svæðinu umfram heimsóknir nemenda og fundi í tengslum við þátttöku í einstökum sameiginlegum verkefnum t.d. *Heilsueflandi skóli*¹⁵⁹.

8.3. Lýðræði og þátttaka

Misjafnt er hversu virkir þátttakendur foreldrar eru í skólastarfinu. Að mati foreldra, starfsmanna, fag- og árgangastjóra og stjórnenda, fer það mikið eftir einstaklingunum sjálfum¹⁶⁰. Að sögn foreldra þá eiga þeir auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólann og eru starfsmenn skólans því sammála¹⁶¹. Foreldrar tengjast menntun barna sinna, að mati fag- og árgangastjóra, mest í gegnum heimanám¹⁶².

8.4. Upplýsingaflæði

Foreldrar fá upplýsingar um skólastarfið í gegnum heimasíðu skólans, Mentor, handbók skólans, tölvupóst og heimasíðu sveitarfélagsins¹⁶³. Að sögn foreldra er aðgangur þeirra að upplýsingum um skólastarfið góður¹⁶⁴. Nemendur í 1. – 6. bekk fá sent upplýsingabréf með sér heim vikulega¹⁶⁵.

8.5. Mat úttektaraðila

- Foreldrafélag skólans er virkt og foreldrar fá upplýsingar um skólastarfið á ýmsa vegu. Aðgangur þeirra að upplýsingum um skólastarfið virðist góður.
- Foreldrar virðast eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólann. Viðhorf foreldra hefur ekki verið kannað í mörg ár og mikilvægt að það verði gert í tengslum við innra mat skólans.
- Gott og fjölbreytt samstarf er við grenndarsamfélagið.

¹⁵⁹ Greinargerð um samstarf við aðra skóla

¹⁶⁰ Rýnihópur foreldra, rýnihópur starfsmanna, fundur með fag- og árgangastjórum, fundur með skólastjóra og aðstoðarskólustjóra

¹⁶¹ Rýnihópur foreldra, rýnihópur starfsmanna, fundur með fag- og árgangastjórum, fundur með skólastjóra og aðstoðarskólustjóra

¹⁶² Fundur með fag- og árgangastjórum

¹⁶³ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólustjóra, fundur með fag- og árgangastjórum

¹⁶⁴ Rýnihópur foreldra

¹⁶⁵ Athugasemdir skólustjóra maí 2012

9. SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGS

Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. ¹⁶⁶ Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram.¹⁶⁷

Skólaskrifstofa Austurlands sér að mestu um sérfræðiþjónustu við skólann og hefur þjónustað 54 núverandi nemendur hans¹⁶⁸. Einnig hefur skólinn nýtt sér þjónustu og verið í samstarfi við félagsþjónustu sveitarfélagsins og svæðisskrifstofu fatlaðra þegar við á. Jafnframt á skólinn í samstarfi við þjónustu- og forvarnarfulltrúa sveitarfélagsins í tengslum við fræðsluerindi fyrir nemendur og foreldra um sérfræðiþjónustu¹⁶⁹. Að sögn starfsmanna og foreldra er almenn ánægja með þjónustu Skólaskrifstofu Austurlands er frá er talin bið eftir viðtölum við sérfræðinga s.s. sálfræðing og talmeinafræðing¹⁷⁰. Forstöðumaður skólaskrifstofu segir það miður en biðin ráðist aðallega af skorti á starfsfólki. Ávallt sé þó reynt að forgangsraða biðlista eftir sérfræðiþjónustu og alvarlegri mál fái forgang¹⁷¹.

9.1. Fyrirkomulag og aðgengi

Sérfræðiþjónustan er kynnt foreldrum í handbók skólans sem send er heim með nemendum við upphaf hvers skólaárs og er aðgengileg á heimasíðu skólans. Umsjónarmaður sérkennslu heldur utan um umsóknir um sérfræðiþjónustu ásamt þeim greiningargögnum sem berast. Einnig fundar nemendaverndarráð reglulega þar sem farið er yfir stöðu umsókna og mála¹⁷².

9.2. Eftirfylgni í framhaldi af greiningu

Í framhaldi af greiningu eru foreldrar, umsjónarkennari og sérkennari boðaðir á fund skólastjóra ásamt öðrum starfsmönnum eftir því sem á við hverju sinni. Lögð er áhersla á að kennarar viðkomandi bekkja séu vel upplýstir um greiningu nemenda sinna. Stuðlað er að því með skilafundum og ber umsjónarmaður sérkennslu ábyrgð á eftirfylgni¹⁷³. Það viðhorf kom fram meðal starfsmanna skólans að æskilegt væri að augin eftirfylgni með greiningu nemenda kæmi frá Skólaskrifstofu Austurlands þar sem þekking á greiningu og eftirfylgni hennar sé ekki alltaf til staðar innan skólans¹⁷⁴. Samkvæmt fulltrúum skólaskrifstofunnar

¹⁶⁶ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 17. gr.

¹⁶⁷ Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 40. gr.

¹⁶⁸ Fundur með fulltrúum Skólaskrifstofu Austurlands og bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar.

¹⁶⁹ Greinargerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins

¹⁷⁰ Rýnihópur kennara, foreldra, fundur með fag- og árgangastjórum, fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

¹⁷¹ Fundur með fulltrúum Skólaskrifstofu Austurlands og bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar

¹⁷² Greinargerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins

¹⁷³ Greinargerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins

¹⁷⁴ Rýnihópur kennara, fundur með fag- og árgangastjórum, fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

hafa starfsmenn skólans gott aðgengi að starfsmönnum og leiti oft ráða, í tölvupóstum og símtölum, og reyni starfsmenn eftir fremsta megni að leiðbeina þeim¹⁷⁵.

9.3. Ráðgjöf til kennara

Skólinn hefur fengið ýmsa ráðgjöf frá kennsluráðgjöfum skólaskrifstofunnar í tengslum við skólastarfið, þ. á. m. innleiðingu Olweusaráætlunar. Þá hefur skólinn sjálfur kallað eftir ráðgjöf annarra sérfræðinga s.s. sjúkráþjálfara, talmeinafræðings og iðjuþjálfara eftir þörfum¹⁷⁶. Skólinn hefur ekki hlotið ráðgjöf um sjálfsmat, en að sögn skólustjóra hefur hann ekki leitað eftir því¹⁷⁷. Samkvæmt fulltrúum skólaskrifstofu stóðu þeir fyrir námskeiði um Skólarýni í kjölfar þess að innra mat skóla var sett í lög en því hafi þó ekki verið fylgt eftir.¹⁷⁸

9.4. Sjúkrakennsla og skólaheilsugæsla

Enginn nemandi hefur glímt við langvarandi veikindi og því hefur ekki reynt á sjúkrakennslu¹⁷⁹. Við skólann starfar skólahjúkrunarfræðingar og hefur hann viðveru í skólanum hálfan dag í viku. Starf hans felur m.a. í sér bólusetningar, viðtöl, hæðar- og þyngdarmælingar, sjónpróf, heyrnarmælingar, fræðslu o.s.frv¹⁸⁰. Ennfremur segir skólustjóri að hjúkrunarfræðingur hafi nýst í viðtöl við nemendur sem eiga við ýmsa örðugleika að stríða¹⁸¹.

9.5. Mat úttektaraðila

- Aðgangur skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Almenn ánægja kom fram með Skólaskrifstofu Austurlands.
- Fram kom að sumir starfsmenn skólans óska eftir aukinni eftirfylgni með greiningu nemenda og fræðslu þar að lútandi frá Skólaskrifstofu Austurlands þar sem þekking á greiningu og eftirfylgni hennar væri ekki alltaf til staðar innan skólans. Mikilvægt er að rýna betur þörf fyrir eftirfylgni af hálfu skólaskrifstofu.
- Skólinn fær kennsluráðgjöf um skólastarf frá Skólaskrifstofu Austurlands og fékk m.a. ráðgjöf um innra mat á sínum tíma sem væri æskilegt að yrði nú endurtekið.
- Skólaheilsugæsla er í skólanum í samræmi við ákvæði reglugerða þar að lútandi en ekki hefur reynt á að nemendur fái sjúkrakennslu.

175 Fundur með fulltrúum Skólaskrifstofu Austurlands og bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar

176 Greinargerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins

177 Fundur með skólustjóra og aðstoðarskólustjóra

178 Fundur með fulltrúum Skólaskrifstofu Austurlands og bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar

179 Fundur með skólustjóra og aðstoðarskólustjóra

180 Heilsugæsla

181 Fundur með skólustjóra og aðstoðarskólustjóra

10. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.¹⁸²

Sveitarfélagið er með sérstaka skólastefnu, starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu¹⁸³. Að sögn stjórnenda og fulltrúa fræðslunefndar eru ekki nægileg tengsl milli skólastefnu sveitarfélagsins og stefnu skólans þar sem stefna skólans hefur ekki verið endurskoðuð eftir útgáfu hennar¹⁸⁴. Áhersluatriði sveitarfélagsins í ytra mati eru að stjórnendur skóla komi að fjárhagsáætlun, standist fjárhagsáætlun og skili starfsáætlun en ekki hafi verið kallað eftir sjálfsmati og umbótaáætlun innra mats¹⁸⁵. Einnig hefur sveitarfélagið lagt áherslu á að gera umgjörð ytra mats einfaldari svo auðveldara sé að leggja mat á starfsemi skóla sem fram að þessu hefur ekki verið gert¹⁸⁶. Ennfremur hefur fræðslunefnd sveitarfélagsins tekið fyrir húsnæðismál skóla sem undir þá heyrir og stefna á að stuðla að aukinni virkni foreldra í innra starfi skóla¹⁸⁷.

Sú skoðun kom fram í fræðslunefnd að sveitarfélagið sé jákvætt gagnvart sameiningu skólans við aðra skóla í framtíðinni. Erfitt sé þó að segja til um framtíð skólans sökum fækkunar nemenda og hugsanlegra samgöngubóta¹⁸⁸. Almennt hafi starfsemi skólans gengið vel en hann hafi ekki staðist fjárhagsáætlanir. Ekki er samstarf við önnur sveitarfélög um skólastarf¹⁸⁹.

Sú athugasemd kom fram hjá fræðslunefndarfulltrúa að núverandi fræðslunefnd hafi ekki séð öll gögn frá skólanum m.a. úttekt á sjálfsmatsaðferðum 2009. Svo virtist að gögn flytjist ekki á milli þegar mannabreytingar yrðu í stjórnarsýslunni¹⁹⁰.

10.1. Mat úttektaraðila

- Sveitarfélagið sjái til þess að skólinn fari að skólastefnu þess og að ytra og innra mat fari fram sbr. lög um grunnskóla.
- Bagalegt er að gögn um starfsemi skólans hafi ekki borist núverandi fræðslunefnd. Brýnt er að séð verði til þess að við mannabreytingar í stjórnarsýslunni liggi fyrir ferli sem tryggi að nýir aðilar hafi aðgang að fyrirliggjandi gögnum.

¹⁸² Lög um grunnskóla nr. 91/2008

¹⁸³ Starfsmannastefna, jafnréttisstefna og skóla- og uppeldisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar

¹⁸⁴ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, fundur með fulltrúum fræðslunefndar sveitarfélagsins

¹⁸⁵ Athugasemdir varaformans fræðslunefndar

¹⁸⁶ Fundur með fulltrúum fræðslunefndar, fundur með fulltrúum Skólaskrifstofu Austurland og bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar.

¹⁸⁷ Fundur með fulltrúum fræðslunefndar

¹⁸⁸ Fundur með fulltrúum fræðslunefndar

¹⁸⁹ Fundur með fulltrúum fræðslunefndar, fundur með fulltrúum Skólaskrifstofu Austurland og bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar

¹⁹⁰ Athugasemdir varaformans fræðslunefndar maí 2012

11. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Í viðtölum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, nemendur, foreldrar, skólaráð og fulltrúar sveitarfélags spurðir út í styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri Seyðisfjarðarskóla. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt mati úttektaraðila.

11.1. Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar	Veikleikar
Allir kennarar með réttindi. Stöðugur starfsmannahópur.	Skortur á kennurum í list- og verkgreinum.
Olweusarverkefnið. Dregið hefur úr einelti á milli ára og verkefnið hefur þjappað starfsmannahópnum saman.	Ekki er hafin vinna við endurskoðun skólanámskrár í takt við aðalnámskrá og skólafélag.
Smæð skólans, persónuleg þjónusta við nemendur.	Árangur á samræmdum prófum, sérstaklega í stærðfræði. Ekki nægilegt samræmi í eftirfylgni samræmdra prófa og útfærslu heimanáms.
Aðkoma starfsmanna að ákvörðunum mikil.	Fremur einhæfir kennsluhættir á efri stigum skólans.
Fjölbreyttir kennsluhættir á yngri stigum.	Innra mat skólans og ytra mat sveitarfélags ekki fullnægjandi.
Góður starfsandi. Mikil samheldni og umhyggja.	Aðkoma nemenda að ákvörðunum lítil.
Margvísleg úrræði í sérkennslu og góður aðgangur að sérfræðiþjónustu.	Ekki markvisst utanumhald og eftirfylgni af hálfu skólans með starfsemi nemendafélags.
Gott samstarf við leikskólann.	Kennsluástanda á mörgum stöðum.
Gott samstarf við foreldra og grenndarsamfélag.	Tækjabúnaður og kennslugögn ekki nægilega endurnýjuð og uppfærð vegna niðurskurðar.
	Umferðargata í gegnum skólalóð getur ógnað öryggi nemenda.
	Léleg nettenging í „nýja skóla“. Starfsmenn geta aðeins skoðað tölvupóst sinn í húsnæði „gamla skóla“.
	Smæð samfélagsins ókostur í ýmsum málum, m.a. vegna tengsla í samfélaginu. T.d. er meirihluti bæjarstjórnar kennarar við skólann.

11.2. Ógnanir og tækifæri

Ógnanir	Tækifæri
Fækkun barna, skortur á ungu fólki í samfélaginu. Fækkun starfsfólks í kjölfarið.	Ný skólanámskrá og bætt innra og ytra mat.
Börn bæjarins farin að sækja í auknum mæli þjónustu til Egilsstaða s.s. fótbolta, fimleika og reiðmennsku.	Nálægð við náttúruna og enn frekara samstarf við grenndarsamfélag.
Niðurskurður á fjárframlögum.	Frekari þróunarverkefni.
Skortur á atvinnutækifærum í samfélaginu.	Fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðað nám sbr. skólafélag sveitarfélags.

11.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta á vegum sveitarfélagsins

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þarf sveitarfélagið að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Sveitarfélagið sjái til þess að skólinn fari að skólastefnu þess og að ytra og innra mat fari fram sbr. lög um grunnskóla.
2. Finna þarf leiðir til að koma í veg fyrir frekari niðurskurð í grunnskólanum til að tryggja faglegt starf og endurmenntun kennara.
3. Tryggja þarf eðlilegt eftirlit með húsnæði og skólalód.
4. Huga þarf betur að öryggi barnanna þar sem umferðargata liggur í gegnum skólalóðina.
5. Húsnæði „gamla skóla“ virðist fremur óhentugt,¹⁹¹ kannski fyrst og fremst vegna slaks viðhalds. Sbr. skólastefnu sveitarfélagsins um *heilnæmt starfsumhverfi* og búnað *sem samræmist þörfum viðkomandi skólstarfs* þarf sveitarstjórn að taka afstöðu til þess sem fyrst hvort nýta á húsnæðið áfram til skólahalds eða hvort lokið verði við nýbyggingu skólans og hvort sameina skuli skóla bæjarins á einum stað.
6. Ef sveitarfélagið íhugar að endurskoða ákvörðun sína og sameina leik- og grunnskóla er mikilvægt að staðið sé vel að undirbúningi með aðkomu allra hagsmunaaðila.
7. Fram kom í úttektinni að meirhluti bæjarstjórnar er skipaður kennurum skólans. Að mati úttektaraðila setur þetta skólastjóra óneitanlega í mjög sérstaka stöðu þar sem þeir kennarar eru bæði undirmenn skólastjóra og yfirmenn. Í tilvikum sem þessum væri að mati úttektaraðila rétt að sveitarstjórn setti sér reglur um aðkomu kennara í sveitarstjórn að ákvörðunum um málefni skólans, sem taki mið af reglum stjórnarsýslulaga og góðum stjórnarháttum.
8. Séð verði til þess að við mannbreytingar í stjórnarsýslunni liggi fyrir ferli sem tryggi að nýir aðilar hafi aðgang að fyrirliggjandi gögnum.

11.4. Tillögur að aðgerðum til úrbóta á vegum skólans

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þarf skólinn að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Skólastjóri hafi faglega forystu um endurskoðun á stefnu skólans og skólanámskrá út frá aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélagsins. Allir aðilar skólasamfélagsins komi þar að.
2. Æskilegt er að skólinn sinni í kjölfarið frekari skólaþróun og móti áætlanir um viðfangsefni sem falli að heildarstefnu skólans sbr. aðalnámskrá.¹⁹²

¹⁹¹ Á þetta var einnig bent í úttekt 2003.

¹⁹² Aðalnámskrá grunnskóla 2011: 62

3. Innleiða þarf heildstætt innra mat skólans og tryggja að það nái til alls skólans og aðila skólasamfélagsins sbr. viðmið aðalnámskrár.¹⁹³
4. Rýna þarf enn frekar í niðurstöður samræmdra prófa og stjórnendur að fylgja betur eftir aðgerðum í kjölfar þeirra.¹⁹⁴
5. Greina þarf kennsluhætti í stærðfræði á mið- og unglíngastigi m.t.t. mikils munar á frammistöðu nemenda í íslensku og stærðfræði á samræmdum prófum.
6. Auka þarf fjölbreytni í kennsluháttum á mið- og unglíngastigi sbr. aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags.¹⁹⁵
7. Leita þarf leiða til að laða að skólanum kennara í list- og verkgreinum svo uppfylla megi betur viðmið aðalnámskrár og einn af grunnþáttum hennar, sköpun.
8. Kanna þarf betur hvernig heimanámi er háttað svo og viðhorf foreldra sem hluta af sjálfsmati skólans og skoða leiðir til úrbóta þannig að farið sé að stefnu skólans.¹⁹⁶
9. Kanna þarf viðhorf skólasamfélagsins til sérkennslu betur þar sem neikvætt viðhorf til sérkennslu gæti m.a. haft áhrif á niðurstöður samræmdra prófa.
10. Mikilvægt er að skólinn hafi eigin símenntunaráætlun sem sé unnin út frá þörfum skólans í heild og einstakra starfsmanna. Til að koma til móts við þarfir fyrir aukna endurmenntun mætti auka samstarf við aðra skóla t.d. í þróunarverkefnum og m.a. nýta upplýsingatækni í því skyni.
11. Virkja þarf skólaráð betur, sérstaklega fulltrúa nemenda og foreldra, og kynna fulltrúum betur hlutverk sitt.
12. Nemendur mætti virkja betur í ákvarðanatöku sbr. einn af grunnþáttum aðalnámskrár, lýðræði. Þá þarf aðstoð starfsmanna skólans svo að nemendafélagið geti uppfyllt skyldur sínar sbr. lög um grunnskóla.
13. Þar sem fram kom að sumir starfsmenn skólans óska eftir aukinni eftirfylgni með greiningu nemenda og fræðslu þar að lútandi frá Skólaskrifstofu Austurlands er mikilvægt að skólinn óski eftir því að skrifstofan kanni betur þörf fyrir eftirfylgni.

193 Aðalnámskrá grunnskóla 2011: 27

194 Á þetta atriði var einnig bent í úttekt 2003.

195 Í úttekt 2003 var bent á að hefðbundin uppröðun í kennslustofu ýti undir fábreytni í kennsluháttum.

196 Á þetta atriði var einnig bent í úttekt 2003.

HEIMILDIR

Aðalnámskrá grunnskóla. 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík
Áfallaáætlun, sótt af heimasíðu skólans 5. maí 2012 af

<http://seydisfjardarskoli.sfk.is/aaetlanir.htm>

Árlegur kennslutími skólaárið 2010 – 2011, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf,
sótt af heimasíðu skólans 5. maí 2012 af <http://seydisfjardarskoli.sfk.is/aaetlanir.htm>

Brunavarnir á Austurlandi. 2012, apríl. Ástand eldvarna. Athugasemdir varaformans
fræðslunefndar skólahúsnæðis að Skólavegi 1, Seyðisfirði. Gögn send Attentus –
mannaði og ráðgjöf.

Bæjarstjórn, sótt 5. maí 2012 af

http://sfk.is/index.php?option=com_content&task=view&id=76&Itemid=39

Eineltisáætlun, sótt af heimasíðu skólans 5. maí 2012 af

<http://seydisfjardarskoli.sfk.is/aaetlanir.htm>

Ferli við agabrotum, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Foreldrafélag, af heimasíðu skólans, sótt 5. maí 2012 af

<http://seydisfjardarskoli.sfk.is/foreldrafelag.html>

Forföll og afleysingar 2010 – 2011, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Forvarnarstefna, sótt af heimasíðu skólans 5. maí 2012 af

<http://seydisfjardarskoli.sfk.is/aaetlanir.htm>

Fundargerðir foreldrafélags, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Fundargerðir fræðslunefndar. Sótt 11. maí 2012 af

http://sfk.is/index.php?option=com_content&task=category§ionid=2&id=74&Itemid=135

Gagnalisti, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Greinargerðir um starfsemi skólans gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Greinargerð um stefnu skólans, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Handbók kennara, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Handbók: Skólanámskrár I. hluti 2011 – 2012, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Hegðun, framkoma og atferli starfsfólks, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Heilsugæsla, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Innra mat/ sjálfsmat, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Jafnréttisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Kennsluáætlanir, af heimasíðu skólans sótt 5. maí 2012 af

<http://seydisfjardarskoli.sfk.is/aaetlanir.htm>

Lög um grunnskóla nr.91/2008.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008

Menntun kennara og annars starfsfólks Seyðisfjarðarskóla 2011 – 2012, gögn send Attentus-
mannaði og ráðgjöf.

Móttaka nýrra starfsmanna, nemenda og gesta, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Niðurstöður úr yfirlitskönnun Olweusar um einelti, janúar 2011, gögn send Attentus-
mannaði og ráðgjöf.

Seyðisfjarðarskóli: Könnun Q46 Olweus 2011 Island, gögn send Attentus- mannaði og
ráðgjöf.

Seyðisfjarðarskóli Nemendahópurinn 22. mars 2012, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Seyðisfjarðarskóli: Starfsmannasamtal febrúar 2012, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf

Skóla- og uppeldisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf. Skólareglur Seyðisfjarðarskóla, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Skýrsla vegna vinnu við innleiðingu Olweusaráætlunarinnar í Seyðisfjarðarskóla veturinn 2010-2011/2009- 2010, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Skýrsla vinnueftirlitsins vegna eftirlitsheimsóknar í Grunnskóla Seyðisfjarðar, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Starfsfólk Seyðisfjarðarskóla 2011 – 2012, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Starfslýsingar, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Starfsmannastefna Seyðisfjarðarkaupstaðar, gögn send Attentus- mannaði og ráðgjöf.

Tákn með tali, sótt 5. maí 2012 af vefsíðu skólans

<http://seydisfjardarskoli.sfk.is/taknmedtali.html>

Viðbragðsáætlun ¹⁹⁷vegna víuefnaneyslu, sótt af heimasíðu skólans 5. maí 2012 af

<http://seydisfjardarskoli.sfk.is/aaetlanir.htm>

Viðbragðsáætlun við heimsútbreiðslu influensu, sótt af heimasíðu skólans 5. maí 2012 af

<http://seydisfjardarskoli.sfk.is/aaetlanir.htm>

¹⁹⁷ Athugasemdir skólastjóra maí 2012

VIÐAUKAR

Viðauki 1 – Viðmiðunarstundaskrá og skipting kennslustunda

Viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár 2011

Námssgreinar, námssvið	Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1120	680	630	2430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

Skipting kennslustunda í Seyðisfjarðarskóla 2010- 2011

Námsgreinar, námssvið	Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1120	720	720	2560
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	560	960	1600
List- og verkgreinar	960	560	160	1680
Náttúrugreinar	440	480	480	1400
Skólaíþróttir	640	360	360	1.360
Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	600	600	600	1.800
Stærðfræði	800	680	600	2.080
Upplýsinga- og tæknimennt	160	160	80	400
Til ráðstöfunar /Val		160	480	640
Alls	4.800	4.280	4.440	13.520

Viðauki 2. Viðbrögð skólans ef einelti kemur upp

Þegar grunur leikur á að einelti eigi sér stað skal umsjónarkennari eða annar aðili á vegum skólans rannsaka málið á eftirfarandi hátt:

1. Tala við þolanda og hafa samband við foreldra til að fá upplýsingar.
2. Upplýsa samkennara og alla viðkomandi um málið og athuga hvort þeir hafi orðið einhvers varir. Hafi ekkert komið í ljós sem styður þennan grun þá fellur málið niður á þessum punkti, þó með eftirliti í nokkurn tíma með nefndum aðilum.
3. Komi hins vegar í ljós að um einelti sé að ræða, þá skal fyrst rætt við geranda og strax þar á eftir við hans áhangendur - einn og einn, án nokkurs hlés, svo þau nái ekki að ræða saman og ráða ráðum sínum. Að því loknu skal talað við þolanda. Báðum hópum skal tilkynnt að talað verði við þá aftur eftir viku. Seyðisfjarðarskóli

Sama dag skal látið vita heim til foreldra bæði geranda og þolanda og skólustjóra tilkynnt málið. Mikilvægt er að kennari kynni sér samtalsform við eineltisviðtal, því ekki er sama hvernig á málinu er tekið (sjá samtalsform í möppu um einelti)

4. Hér má hefja markvissa og vel undirbúna vinnu inni í bekknum svo sem
 - Setja ákveðnar reglur
 - Innræting
 - Bekkjartímar og námsefni helgað bættum samskiptum
 - Vinnuaðferðir sem reyna á samvinnu fremur en samkeppni (sbr. Guðjón Ólafsson 1996:37-39)
5. Viku seinna fara fram viðtöl við geranda og áhangendur, hvert í sínu lagi og athugað hvernig gengur.
6. Tveimur vikum seinna er aftur fundað með sömu aðilum. Ef á þessum punkti hafa ekki orðið neinar úrbætur þarf að hafa viðtal með geranda og foreldrum hans.
7. Þremur vikum seinna fara á ný fram viðtöl við geranda og þá sem koma að málinu. Hafi ekki orðið neinar úrbætur verður boðaður foreldrafundur í bekknum.
8. Fjórum vikum seinna er aftur boðað til viðtala með geranda og foreldrum annars vegar og þolanda ásamt foreldrum hins vegar.

Ef ekkert leysist eftir þessar aðgerðir þarf að fara með málið lengra, svo sem í einstaklings- eða atferlismótun með sálfræðiaðstoð eða annað. Þá er hægt að leita til skólaskrifstofu.

Viðauki 3. Úrbætur sem skólinn þarf að leggja í samkv. Úttekt heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Svæði	Úrbætur sem þörf er á
Gamli skóli	<ul style="list-style-type: none"> Gólf á gangi efstu hæð og „svölum“; þarfnast viðhalds Fatageymsla nemenda: Gólf þarfnast viðhalds. Ójöfnur voru á gólfi og fúgur farnar að losna. Lagfæringa er þörf. Húsvarðarherbergi: Óbreytt frá fyrri heimsókn. Raki í veggjum og gólf mjög gróft. Lagfæringa þörf. Gólf í kjallara t.d. þvottahús og þar inn af, var mjög gróft. Lagfæringa þörf. Gamla kaffistofa kennara í kjallara: Veggir höfðu látið á sjá, lagfæringa þörf.
Nýi skóli	<ul style="list-style-type: none"> Ræstigeymsla í nýja skóla: Loftræsting var ekki til staðar en svo skal vera. Málning hafði flagnað af gólfi (gerir erfitt fyrir þrif) Lagfæringa er þörf. Forstofa starfsmanna, merki voru um raka þar sem málning hafði flagnað af vegg (undir setubekk) Salerni í stofu 13: Málning hafði flagnað af vegg við salernin og bil hafði myndast á milli veggja og gólfs. Sjá mynd Lagfæra þarf sem fyrst.
Smíðastofa	<ul style="list-style-type: none"> Afsog á tæki: Nauðsynlegt er að afsog verði tengt á öll þau tæki sem þarf. Lagfæra þarf sem fyrst
Skólalóð	<ul style="list-style-type: none"> Timbur í leiktækjum þarfnast viðhalds, bera þarf á timbur eða mála það sem fyrst. Lök á huttu vantaði á nokkrum stöðum, tréverk í tækjum var illa farið á nokkrum stöðum (hugsanlega verið skorið í það). Lagfæra þarf sem fyrst Gangstétt á bak við nýja skóla hafði sigið og var mjög óslétt. Lagfæra þarf sem fyrst. Steypt plata (nýbygging) fallhætta á nokkrum stöðum. Innra eftirlit með leiktækjum og skólalóð var virkt að hluta.